

TILSKIPUN Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808

frá 14. nóvember 2018

um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) í ljósi breytinga á markaðsaðstæðum

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Síðasta efnislega breyting á tilskipun ráðsins 89/552/EBE ⁽⁴⁾, sem síðar varð kerfisbundin með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB ⁽⁵⁾, var gerð árið 2007 þegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB ⁽⁶⁾ var samþykkt. Síðan þá hefur orðið umtalsverð og hröð þróun á markaði hljóð- og myndmiðlunarþjónustu vegna þeirrar samleitni sjónvarps- og Netþjónustu sem nú á sér stað. Með tækniþróun hafa komið fram nýjar tegundir af þjónustu og upplifun notenda. Áhorfsvenjur hafa breyst verulega, einkum hjá yngri kynslóðum. Þó að sjónvarpsskjárin sé enn mikilvægt tæki til að miðla hljóð- og myndmiðlunarupplifun hafa margir áhorfendur skipt yfir í annan færanlegan búnað til að horfa á hljóð- og myndmiðlunarefni. Hefðbundið sjónvarpsefni er þó enn stór hluti daglegs meðaláhorfstíma.

Hins vegar hafa nýjar tegundir efnis, s.s. myndskeið eða notendaframlétt efni, öðlast aukið vægi og nýir aðilar rutt sér til rúms, m.a. veitur fyrir miðlun myndefnis eftir pöntun og mynddeiliveitur. Þessi samleitni miðla kallar á að lagaraminn verði uppfærður þannig að hann endurspegli þróun markaðarins og jafnvægi náist milli aðgangs að efnisveituþjónustu á Netinu, neytendaverndar og samkeppnishæfni.

- 2) Hinn 6. maí 2015 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu undir heitinu „Áætlun um stafrænan innri markað í Evrópu“ þar sem tilkynnt var um að tilskipun 2010/13/ESB yrði endurskoðuð.
- 3) Tilskipun 2010/13/ESB ætti einungis að gilda áfram um þá þjónustu sem hefur það að meginmarkmiði að bjóða dagskrárliði til upplýsingar, skemmtunar eða fræðslu. Krafan um meginmarkmið ætti einnig að teljast uppfyllt ef þjónustan felur í sér hljóð- og myndmiðlunarefni og er á formi sem hægt er að aðskilja frá aðalstarfsemi

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 34, 2.2.2017, bls. 157.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 185, 9.6.2017, bls. 41.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 2. október 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 6. nóvember 2018.

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtið. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 27).

veitunnar, s.s. sjálfstæðir hlutar dagblaða á Netinu með hljóð- og myndmiðlunardagskrá eða notendaframleiddum myndböndum þar sem líta má svo á hægt sé að aðskilja þessa hluta frá aðalstarfseminni. Líta ber svo á að þjónusta sé því aðeins óaðskiljanleg viðbót við aðalstarfsemina að tengsl séu milli boðs um hljóð- og myndmiðlun og aðalstarfseminnar, s.s. skriflegs fréttaflutnings. Rásir eða önnur hljóð- og myndmiðlun, sem eru undir ritstjórnarábyrgð veitu, geta sem slíkar talist hljóð- og myndmiðlunarþjónusta í sjálfu sér, jafnvel þótt þær séu boðnar fram á mynddeilivettvangi sem einkennist af því að vera ekki undir ritstjórnarábyrgð. Í slíkum tilvikum fellur það í hlut þeirra veitna sem bera ritstjórnarábyrgðina að fara að tilskipun 2010/13/ESB.

- 4) Mynddeilipjónusta (e. video-sharing platform services) býður upp á hljóð- og myndmiðlunarefni sem almenningur sækir æ meira í, einkum ungt fólk. Sama gildir um þjónustu samfélagsmiðla sem eru orðnir mikilvægur vettvangur upplýsingamiðlunar, skemmtunar og fræðslu, m.a. með því að veita aðgang að dagskrárliðum og notendaframleiddum myndböndum. Slíka þjónustu samfélagsmiðla þarf að færa undir gildissvið tilskipunar 2010/13/ESB því að hún keppir um sama áhorfendahóp og sömu tekjur og hljóð- og myndmiðlunarþjónusta. Enn fremur eru áhrif hennar veruleg þar sem hún auðveldar notendum að móta og hafa áhrif á skoðanir annarra notenda. Til að vernda einstaklinga undir lögaldri gegn skaðlegu efni og alla borgara gegn því að fá hvatningu til haturs, ofbeldis og hryðjuverka ætti slík þjónusta að heyra undir tilskipun 2010/13/ESB að því marki sem þjónustan er í samræmi við skilgreininguna á mynddeilipjónustu.
- 5) Þótt markmið tilskipunar 2010/13/ESB sé ekki það að setja reglur um þjónustu samfélagsmiðla sem slíka ætti slík þjónusta að falla undir hana ef boð hennar um dagskrárliði og notendaframleidd myndbönd telst til grundvallarvirkni í þjónustunni. Líta ætti á boð um dagskrárliði og notendaframleidd myndbönd sem grundvallarvirkni í þjónustu samfélagsmiðils ef hljóð- og myndmiðlunarefni er ekki aðeins til stuðnings starfsemi þeirrar samfélagsmiðlaþjónustu eða er lítill hluti þeirrar þjónustu. Til að tryggja skýrleika, skilvirkni og samkvæmni í framkvæmd ætti framkvæmdastjórnin að gefa út, ef nauðsyn krefur, að höfðu samráði við tengslanefndina, leiðbeiningar um hvernig beita skuli í reynd viðmiðuninni um grundvallarvirkni í skilgreiningunni á „mynddeilipjónustu“. Semja ber þessar leiðbeiningar með tillýðilegu tilliti til þeirra markmiða almannahagsmuna sem stefnt er að með þeim ráðstöfunum sem mynddeiliveitum ber að gera og til réttarins til tjáningarfrelsis.
- 6) Ef aðskiljanlegur hluti þjónustu telst vera mynddeilipjónusta að því er tilskipun 2010/13/ESB varðar ætti aðeins sá hluti að heyra undir þá tilskipun og einungis að því er varðar dagskrárliði og notendaframleidd myndbönd. Myndskeið sem eru felld inn í ritstjórnarefni í rafrænum útgáfum dagblaða og tímarita og hreyfimyndir á borð við þær sem eru á GIF-sniði ættu ekki að falla undir tilskipun 2010/13/ESB. Skilgreiningin á mynddeilipjónustu ætti ekki að taka til starfsemi sem er ekki rekin í viðskiptaskyni, s.s. hljóð- og myndmiðlunarefni á einkavefsíðum og hjá áhugamannafélögum sem eru ekki í viðskiptalegs eðlis.
- 7) Til að tryggja skilvirka framkvæmd tilskipunar 2010/13/ESB er afar mikilvægt að aðildarríkin komi á fót og viðhaldi uppfærðum skráum yfir fjölmiðlaveitur og mynddeiliveitur innan lögsögu sinnar og deili þessum skráum reglulega með lögbærum, óháðum eftirlitsyfirvöldum eða -aðilum sínum og framkvæmdastjórninni. Í skránum ættu að koma fram upplýsingar um á hvaða viðmiðunum lögsagan byggist.
- 8) Til að ákvarða lögsögu þarf að meta raunverulegar aðstæður út frá þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2010/13/ESB. Mat á slíkum raunverulegum aðstæðum kann að leiða til ósamkvæmra niðurstaðna. Þegar samstarfsaðferðinni, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, er beitt er mikilvægt að framkvæmdastjórnin geti byggt niðurstöður sínar á áreiðanlegum staðreyndum. Hópur evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (ERGA) ætti því að hafa heimild til að leggja fram álit varðandi lögsögu að beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Ákveði framkvæmdastjórnin, við beitingu samstarfsaðferðarinnar, að hafa samráð við hóp evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ætti hún að upplýsa tengslanefndina um það, m.a. um þær tilkynningar sem henni hafa borist frá aðildarríkjunum samkvæmt samstarfsaðferðinni og um álit hópsins.
- 9) Málsmeðferðarreglur og skilyrði varðandi takmörkun á frelsi til að veita og taka á móti hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ættu að vera hin sömu fyrir línulega og ólínulega þjónustu.
- 10) Í samræmi við dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins („Dómstólsins“) er mögulegt að takmarka frelsi til að veita þjónustu, sem tryggt er samkvæmt sáttmálanum, á grundvelli brýnna almannahagsmuna, s.s. öflugrar neytendaverndar, að því tilskildu að slíkar takmarkanir séu rökstuddar, sanngjarnar og nauðsynlegar. Því ætti aðildarríki að geta gripið til tiltekinna ráðstafana til að tryggja að reglur þess um neytendavernd, sem ekki falla undir þau svið sem eru samræmd með tilskipun 2010/13/ESB, séu virtar. Ráðstafanir, sem aðildarríki gerir til að framfylgja innlendu regluverki sínu á sviði neytendaverndar, þ.m.t. varðandi auglýsingar um fjárhættuspil, myndi þurfa að rökstyðja, þær yrðu að hæfa því markmiði sem stefnt er að og vera nauðsynlegar, líkt og krafist er samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins. Hvað sem öðru líður má viðtökuaðildarríki ekki gera neinar ráðstafanir til að koma í veg fyrir endurvarp sjónvarpsútsendinga frá öðru aðildarríki á yfirráðasvæði sínu.

- 11) Þegar aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um að fjölmiðlaveita hafi öðlast staðfestu í því aðildarríki sem fer með lögsögu í því skyni að sniðganga strangari reglur á þeim sviðum sem samræmd eru með tilskipun 2010/13/ESB, sem myndu gilda um hana ef hún hefði staðfestu í tilkynningaradildarríkinu, ætti það að leggja fram trúverðug og tilhlýðilega rökstudd sönnunargögn um það. Í slíkum sönnunargögnum ber að setja fram gögn til stuðnings til að sýna megi fram á slíka sniðgöngu með hæfilegri vissu.
- 12) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins, „Bætt reglusetning í þágu betri niðurstaða – ESB-áætlun“, lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að þegar leitað væri pólitískra lausna myndi hún íhuga bæði leiðir með og án reglusetningar, þar sem haft er til fyrirmyndar starfssamfélagið og meginreglurnar um betra sjálfseftirlit og sameiginlegt eftirlit (e. Community of practice and the Principles for Better Self- and Co-regulation). Ýmsar háttarnisreglur, sem settar hafa verið á þeim sviðum sem eru samræmd með tilskipun 2010/13/ESB, hafa reynst vel heppnaðar og í samræmi við meginreglurnar um betra sjálfseftirlit og sameiginlegt eftirlit. Öryggisnet í formi löggjafar var talið mikilvægur þáttur í því að ná fram árangri við að stuðla að því að farið yrði að reglum um sjálfseftirlit eða sameiginlegt eftirlit. Það er á sama hátt mikilvægt að í slíkum reglum séu sett fram sérstök takmörk og markmið sem gera það kleift að fylgjast með markmiðunum, sem stefnt er að með háttarnisreglunum, og meta þau með reglubundnum, gagnsæjum og óháðum hætti. Í háttarnisreglunum ætti einnig að kveða á um skilvirka framfylgd. Reglur um sjálfseftirlit og sameiginlegt eftirlit, sem samþykktar eru á þeim sviðum sem samræmd eru með tilskipun 2010/13/ESB, ættu að fylgja þessum meginreglum.
- 13) Reynslan hefur sýnt að bæði gerningar sem varða sjálfseftirlit og sameiginlegt eftirlit, sem hrundið er í framkvæmd í samræmi við mismunandi lagahefðir aðildarríkjanna, geta gegnt mikilvægu hlutverki við að koma á öflugri neytendavernd. Ráðstafanir, sem miða að því ná markmiðum í þágu almannahagsmuna í hinum nýja geira hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, skila betri árangri ef þær njóta virks stuðnings veitnanna sjálfra.
- 14) Sjálfseftirlit er ein tegund valfrjáls framtaksværleysis sem gerir rekstraraðilum, aðilum vinnumarkaðarins, frjálsum félagasamtökum og samböndum kleift að samþykkja sameiginlegar viðmiðunarreglur sín á milli og fyrir sig. Þau bera ábyrgð á því að þróa þessar viðmiðunarreglur, hafa eftirlit með og framfylgja þeim. Aðildarríkin ættu, í samræmi við mismunandi lagahefðir sínar, að viðurkenna það hlutverk sem árangursríkt sjálfseftirlit getur haft sem viðbót við það lagalega, réttarfarslega og stjórnsýslulega fyrirkomulag sem er fyrir hendi og hvernig það leggur af mörkum við að ná markmiðum tilskipunar 2010/13/ESB. Þrátt fyrir að sjálfseftirlit kunnir að vera aðferð sem styður við framkvæmd tiltekinna ákvæða tilskipunar 2010/13/ESB ætti það þó ekki að koma í stað skuldbindinga sem hvíla á landsbundna löggjafanum. Sameiginlegt eftirlit tryggir í einföldustu mynd lagaleg tengsl milli sjálfseftirlits og landsbundna löggjafans í samræmi við lagahefðir aðildarríkjanna. Þegar um er að ræða sameiginlegt eftirlit deila hagsmunaaðilar og stjórnvöld eða landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar með sér eftirlitshlutverkinu. Hlutverk viðeigandi opinberra yfirvalda er að viðurkenna sameiginlega eftirlitskerfið, gera úttekt á ferlum þess og fjármagna það. Ef markmiðum sameiginlegs eftirlits er ekki náð ætti íhlutun ríkisins að vera möguleiki. Með fyrirvara um formlegar skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi lögleiðingu er í tilskipun 2010/13/ESB hvatt til þess að sjálfseftirliti og sameiginlegu eftirliti verði beitt. Þetta ætti hvorki að skylda aðildarríkin til að taka upp sjálfseftirlit eða sameiginlegt eftirlit, eða hvort tveggja, né heldur raska eða tefla í tvísýnu sameiginlegu eftirliti sem þegar er fyrir hendi í aðildarríkjum og virkar sem skyldi.
- 15) Gagnsæi í eignarhaldi fjölmiðla tengist beint tjáningarfrelsinu, sem er hornsteinn lýðræðisgerfa. Upplýsingar um eignarhaldsfyrirkomulag fjölmiðlaveitna, þar sem slíkt eignarhald hefur í för með sér stjórn eða veruleg áhrif á efni þjónustunnar sem veitt er, gerir notendum kleift að dæma slíkt efni með upplýstum hætti. Aðildarríkin ættu að geta ákveðið hvort og að hvaða marki upplýsingar um eignarhaldsfyrirkomulag fjölmiðlaveitna ættu að vera aðgengilegar notendum, að því tilskildu að meginþáttur grundvallarréttinda og mannfrelsis sé virtur og að slíkar ráðstafanir teljist nauðsynlegar og sanngjarnar.
- 16) Vegna sérstaks eðlis hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, einkum áhrifa þjónustunnar á skoðanamyndun fólks, hafa notendur lögmæta hagsmuni af því að vita nákvæmlega hver er ábyrgur fyrir efni þjónustunnar. Til að treysta tjáningarfrelsið og, þar með, efla fjölbræði og fjölbreytni í fjölmiðlun og komast hjá hagsmunaaðrekstrum er mikilvægt fyrir aðildarríkin að tryggja að notendur hafi greiðan og beinan aðgang að upplýsingum um fjölmiðlaveitur hvenær sem er. Aðildarríkin taka hvert um sig sjálf ákvörðun um þetta, einkum þær upplýsingar sem veita má um eignarhaldsfyrirkomulag og raunverulega eigendur.
- 17) Til að tryggja samræmi og réttarvissu fyrir fyrirtæki og yfirvöld aðildarríkjanna ber að skilja hugtakið „hvatning til ofbeldis eða haturs“, að því marki sem við á, í skilningi rammaákvörðunar ráðsins 2008/913/DIM (1).

(1) Rammaákvörðun ráðsins 2008/913/DIM frá 28. nóvember 2008 um baráttu gegn tilteknum formum og birtingarmyndum kynþáttafordóma og útlendingahatus með refsilöggjöf (Stjtið. ESB L 328, 6.12.2008. bls. 55).

- 18) Með tilliti til þess hvernig leiðir til að dreifa efni um rafræn fjarskiptanet hafa þróast er mikilvægt að vernda almenning gegn því að fá hvatningu til hryðjuverka. Tilskipun 2010/13/ESB ætti því að tryggja að hljóð- og myndmiðlunarþjónusta feli ekki í sér opinbera hvatningu til hryðjuverka. Til að tryggja samræmi og réttarvissu fyrir fyrirtæki og yfirvöld aðildarríkanna ber að skilja hugtakið „opinber hvatning til hryðjuverka“ í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541⁽¹⁾.
- 19) Til þess að gera áhorfendum, þ.m.t. foreldrum og einstaklingum undir lögaldri, kleift að taka upplýstar ákvarðanir um efni sem til stendur að horfa á er nauðsynlegt að fjölmiðlaveitur veiti fullnægjandi upplýsingar um efni sem kann að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska einstaklinga undir lögaldri. Það mætti til dæmis gera með kerfi efnislýsinga, hljóðrænni viðvörðun, sjónrænu merki eða annarri aðferð sem lýsir því hvers eðlis efnið er.
- 20) Viðeigandi ráðstafanir til verndar einstaklingum undir lögaldri sem eiga við um sjónvarpsútsendingar ættu einnig að eiga við um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun. Það ætti að auka verndina. Aðferð lágmarkssamræmingar gerir aðildarríkjunum kleift að þróa öflugri vernd gegn efni sem kann að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska einstaklinga undir lögaldri. Skaðlegasta efnið, sem getur skaðað líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska einstaklinga undir lögaldri en er ekki endilega hegningarlögbrot, ætti að falla undir ströngustu ráðstafanir, s.s. dulköðun og skilvirkt foreldraeftirlit, með fyrirvara um að aðildarríkin samþykki strangari ráðstafanir.
- 21) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽²⁾ er viðurkennt að börn ættu að njóta sérstakrar verndar að því er varðar vinnslu á persónuupplýsingum þeirra. Það að fjölmiðlaveitur komi á fót fyrirkomulagi til verndar börnum hefur óhjákvæmilega í för með sér vinnslu á persónuupplýsingum einstaklinga undir lögaldri. Þar sem slíkt fyrirkomulag miðar að því að vernda börn ætti ekki að nota persónuupplýsingar einstaklinga undir lögaldri, sem unnið er með innan ramma tæknilegra ráðstafa til að vernda börn, í viðskiptalegum tilgangi.
- 22) Það að tryggja aðgengi að hljóð- og myndmiðlunarefni er grunnkrafta innan ramma þeirra skuldbindinga sem gengist er undir samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með skírskotun til tilskipunar 2010/13/ESB ætti að túlka hugtakið „fatlað fólk“ í ljósi þess hvers eðlis þjónustan er sem heyrir undir þá tilskipun, sem er hljóð- og myndmiðlunarþjónusta. Réttur fólks með skerðingu og aldraða til að vera þátttakendur í og hluti af félags- og menningarlífi í Sambandinu er tengdur framboði á aðgengilegri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Því ættu aðildarríkin að tryggja, án ástæðulausrar tafar, að fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra reyni með virkum hætti að gera efni aðgengilegt fótluðu fólki, einkum sjón- og heyrnarskertum. Stefna ber að því stöðugt og með stigvaxandi hætti að uppfylla kröfur um aðgengi, jafnframt því að taka tillit til óhjákvæmilegra takmarkana á framkvæmd sem gætu komið í veg fyrir fullt aðgengi, s.s. þegar um er að ræða dagskrárliði eða útsendingar frá viðburðum í rauntíma. Til að mæla árangur fjölmiðlaveitna við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum með stigvaxandi hætti ættu aðildarríkin að krefjast þess að fjölmiðlaveitur með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra skili þeim skýrslum með reglubundnum hætti.
- 23) Leiðir til að tryggja aðgengi að hljóð- og myndmiðlunarþjónustu samkvæmt tilskipun 2010/13/ESB ættu að ná yfir, en þurfa ekki að takmarkast við, tákni, textun fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta, upplestur skjátexta og hljóðlýsingu. Hins vegar nær tilskipunin hvorki til þeirra aðgerða eða þjónustu sem veita aðgengi að hljóð- og myndmiðlunarþjónustu né heldur til aðgengisaðgerða í rafrænum dagskrárvísunum. Sú tilskipun hefur því ekki áhrif á lög Sambandsins sem miða að því að samræma aðgengi að þjónustu sem veitir aðgang að hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, s.s. vefsetrum, forritum á Netinu og rafrænum dagskrárvísunum, eða veita upplýsingar um aðgengi og upplýsingar með aðgengilegu sniði.
- 24) Í sumum tilvikum kann að vera ómögulegt að veita neyðarupplýsingar þannig að fatlað fólk hafi aðgang að þeim. Slík undantekningartilvik ættu þó ekki að koma í veg fyrir að hljóð- og myndmiðlunarþjónusta sé notuð til að birta neyðarupplýsingar.
- 25) Tilskipun 2010/13/ESB hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkanna til að leggja á þær skyldur að tryggja viðeigandi sýnileika efnis sem varðar almannahagsmuni samkvæmt skilgreindum markmiðum er varða almannahagsmuni, s.s. fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM (Stjtið. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

, málfrelsi og menningarlega fjölbreytni. Slíkar skyldur ætti einungis leggja á ef þær eru nauðsynlegar til að uppfylla markmið er varða almannahagsmuni sem aðildarríkin skilgreina með skýrum hætti í samræmi við lög Sambandsins. Ákveði aðildarríki að setja reglur um viðeigandi sýnileika ættu þau einungis að leggja sanngjarnar skyldur á fyrirtæki í þágu lögmætra sjónarmiða er varða allsherjarreglu.

- 26) Til að standa vörð um ritstjórnarábyrgð fjölmiðlaveitna og virðisæðju hljóð- og myndmiðlunar er nauðsynlegt að geta tryggt heilleika þeirra dagskrárliða og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem fjölmiðlaveitur láta í té. Ekki skal senda dagskrárliði og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu út á stytta formi, breyta þeim eða rjúfa þau, eða setja yfir þau auglýsingaþekjur án afdráttarlaus samþykkis fjölmiðlaveitunnar. Aðildarríkin ættu að tryggja að auglýsingaþekjur (e. overlays), sem aðeins viðtakandi þjónustunnar virkjar eða heimilar til einkanota, s.s. auglýsingaþekjur frá einstaklingsmiðaðri fjarskiptaþjónustu, þurfi ekki samþykki fjölmiðlaveitunnar. Þetta ætti ekki að taka til stjórntækja fyrir notendaviðmót sem þarf til að stjórna tækinu eða til að fara á milli dagskrárliða, s.s. hljóðstyrksstika, leitaraðgerða, valmynda eða lista yfir rásir. Þetta ætti heldur ekki að taka til auglýsingaþekja, s.s. viðvarana, upplýsinga sem þjóna almannahagsmunum, skjátexta eða auglýsingaþekja með viðskiptaorðsendingum frá fjölmiðlaveitunni. Með fyrirvara um 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 ⁽¹⁾ ætti þetta enn fremur ekki að taka til gagnþjöppunartækni sem dregur úr stærð gagnaskráa og annarra aðgerða til að laga þjónustu að miðlinum, s.s. upplausn og kóðun, án þess að gerðar séu breytingar á efninu.

Gera ætti kröfu um ráðstafanir til að vernda heilleika dagskrárliða og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ef þær eru nauðsynlegar til að uppfylla markmið er varða almannahagsmuni sem aðildarríkin skilgreina með skýrum hætti í samræmi við lög Sambandsins. Með slíkum ráðstöfunum ætti að leggja sanngjarnar skyldur á fyrirtæki í þágu lögmætra sjónarmiða er varða allsherjarreglu.

- 27) Að undanskilinni kostun og vöruinnsetningu ættu hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni um áfenga drykki í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun að uppfylla þær viðmiðanir varðandi sjónvarpsauglýsingar og fjarkaup á áfengum drykkjum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2010/13/ESB. Ítarlegri viðmiðanir sem eiga við um sjónvarpsauglýsingar og fjarkaup á áfengum drykkjum takmarkast við auglýsingainnskot, sem eru í eðli sínu aðskilin frá dagskrárliðnum, og útiloka því aðrar viðskiptaorðsendingar sem tengjast dagskrárliðnum eða eru órjúfanlegur þáttur hans, s.s. kostun og vöruinnsetning. Þar af leiðandi ættu þessar viðmiðanir ekki að eiga við um kostun og vöruinnsetningu í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun.
- 28) Til eru ýmsar almennt viðurkenndar næringarleiðbeiningar innan landa og á alþjóðavísu, s.s. næringarsamsetningarlíkan svæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir Evrópu, til að greina á milli matvæla á grundvelli næringarsamsetningar þeirra í tengslum við matvælaauglýsingar í sjónvarpi sem beint er til barna. Hvetja ættu aðildarríkin til að sjá til þess að sjálfseftirliti og sameiginlegu eftirliti, þ.m.t. háttisreglum, sé beitt til að draga með árangursríkum hætti úr því að beint verði til barna hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni um matvæli og drykkjarvörur með hátt innihald salts, sykurs, fitu, mettaðrar fitu eða transfitusýra eða sem samrýmist á annan hátt ekki þessum innlendu eða alþjóðlegu næringarleiðbeiningum.
- 29) Á sama hátt ætti að hvetja aðildarríkin til að sjá til þess að háttisreglum vegna sjálfseftirlits og sameiginlegs eftirlits verði beitt til að draga með árangursríkum hætti úr því að hljóð- og myndsendingum um áfenga drykki verði, í viðskiptaskyni, beint til barna og einstaklinga undir lögaldri. Til eru ýmis kerfi sjálfseftirlits og sameiginlegs eftirlits á vettvangi Sambandsins og á vettvangi aðildarríkja varðandi ábyrgja markaðssetningu áfengra drykkja, þ.m.t. í hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni. Hvetja ætti enn frekar til notkunar á þessum kerfum, einkum þeim sem miða að því að tryggja að skilaboð um ábyrgar drykkjuvenjur fylgi hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni um áfenga drykki.
- 30) Mikilvægt er að vernda einstaklinga undir lögaldri með árangursríkum hætti gegn hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sem hvetja til fjárhættuspila. Í þessu samhengi eru til ýmis kerfi sjálfseftirlits og sameiginlegs eftirlits á vettvangi Sambandsins og á vettvangi aðildarríkja til að hvetja til ábyrgar spilahegðunar, þ.m.t. í hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni.
- 31) Til að fjarlægja hindranir í vegi frjálsrar þjónustustarfsemi yfir landamæri innan Sambandsins verður að tryggja árangursríkar ráðstafanir til sjálfseftirlits og sameiginlegs eftirlits, einkum þær sem miða að neytenda- eða lýðheilsuvernd.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).

- 32) Markaður fyrir sjónvarpsútsendingar hefur þróast og því er þörf á meiri sveigjanleika varðandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, einkum reglum um magn að því er varðar línulega hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og vöruinnsetningu. Tilkoma nýrrar þjónustu, m.a. án auglýsinga, hefur fært áhorfendum, sem nú geta auðveldlega skipt yfir í aðra valkosti, aukið val.
- 33) Aukið frelsi varðandi vöruinnsetningar hefur ekki haft í för með sér þá aukningu í þessari gerð hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem búist var við. Einkum hefur almennt bann við vöruinnsetningum, vissulega með nokkrum undantekningum, ekki skapað réttarvissu fyrir fjölmiðlaveitur. Vöruinnsetning ætti því að vera heimil í allri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og mynddeilipjónustu, með fyrirvara um undantekningar.
- 34) Vöruinnsetning ætti að vera óheimil í fréttum og fréttatengdum þáttum, þáttum um neytendamál, trúarlegum dagskrárliðum og í dagskrárefni fyrir börn. Einkum hefur verið sýnt fram á að vöruinnsetningar og innfelldar auglýsingar geta haft áhrif á hegðun barna, sem oft eru ekki fær um að þekkja auglýsingaefni. Því er nauðsynlegt að banna áfram vöruinnsetningu í dagskrárefni fyrir börn. Þættir um neytendamál eru dagskrárliðir sem veita áhorfendum ráðgjöf eða innihalda umsagnir um kaup á vöru og þjónustu. Með því að heimila vöruinnsetningu í slíkum dagskrárliðum myndi aðgreiningin milli auglýsinga og ritstjórnarefnis verða óljósari fyrir áhorfendur sem kunna að vænta einlægra og heildarlegra umsagna um vörur eða þjónustu í slíkum dagskrárliðum.
- 35) Veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun ættu að ýta undir framleiðslu og dreifingu á evrópsku efni með því að tryggja tiltekið lágmarkshlutfall evrópsks efnis í pöntunarlistum sínum og að það sé nægilega áberandi. Hvetja ætti til þess að hljóð- og myndmiðlunarefni, sem telst til evrópsks efnis, verði merkt með lýsigögnum svo að fjölmiðlaveitur hafi aðgang að slíkum lýsigögnum. Áberandi staðsetning tekur til þess að vekja athygli á evrópsku efni með því að auðvelda aðgang að því. Tryggja má sýnileika eftir ýmsum leiðum, s.s. með því að hafa evrópskt efni í sérstökum flokki sem er aðgengilegur frá heimasíðu þjónustunnar, bjóða fram möguleika á að leita að evrópsku efni í þeirri leitarvél sem þjónustan býður upp á, nota evrópskt efni í herferðum þjónustunnar eða vekja athygli á lágmarkshlutfalli evrópsks efnis í pöntunarlista, t.d. með auglýsingaborðum eða svipuðum aðferðum.
- 36) Til að tryggja nægilega fjárfestingu í evrópsku efni ættu aðildarríkin að geta lagt fjárskuldbindingar á fjölmiðlaveitur með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra. Slíkar skuldbindingar geta verið í formi beinna framlaga til framleiðslu og kaupa á réttindum að evrópsku efni. Aðildarríkin geta einnig lagt á gjöld, sem greiða ber í sjóð, af tekjum hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem veitt er á og beint er að yfirráðasvæði þeirra. Þessi tilskipun varpar ljósi á að aðildarríkjum er, með hliðsjón af þeim beinu tengslum sem eru milli fjárskuldbindinga og ólíkra stefna aðildarríkjanna í menningarmálum, einnig heimilt að leggja slíkar fjárskuldbindingar á fjölmiðlaveitur sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki en beina þjónustu sinni að yfirráðasvæði þess. Í því tilviki ættu fjárskuldbindingarnar einungis að koma af tekjum sem koma frá áhorfendahópnum í aðildarríkinu sem þjónustunni er beint til. Fjölmiðlaveitur, sem er gert að leggja af mörkum til kvikmyndafjármögnunarkerfa í því aðildarríki sem þær beina þjónustu sinni til, ættu að geta notið góðs af þeirri aðstoð sem fjölmiðlaveitum stendur til boða innan ramma viðkomandi kvikmyndafjármögnunarkerfa, án mismununar, jafnvel þótt þær hafi ekki staðfestu í því aðildarríki.
- 37) Sem stendur fjárfesta útvarpsrekendur meira í evrópskum hljóð- og myndmiðlunarverkum en þeir sem veita hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun. Ákveði aðildarríki, sem þjónustu er beint til, að leggja fjárskuldbindingar á útvarpsrekanda sem heyrir undir lögsögu annars aðildarríkis ætti að taka tillit til beinna framlaga þess útvarpsrekanda til framleiðslu og kaupa á réttindum að evrópsku efni, einkum samframleiðslu, og taka tilhlýðilegt tillit til meðalhófsreglunnar. Þetta hefur ekki áhrif á heimildir aðildarríkjanna til að ákveða, í samræmi við stefnu sína í menningarmálum og með fyrirvara um að það samrýmist reglum um ríkisaðstoð, hversu há fjárframlög fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra skuli greiða.
- 38) Þegar aðildarríki metur í hverju tilviki fyrir sig hvort hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun með staðfestu í öðru aðildarríki er beint að áhorfendum á yfirráðasvæði þess getur það litið til vísendinga á borð við auglýsingar eða aðrar kynningar, sem beint er sérstaklega til viðskiptavina á yfirráðasvæði þess, aðaltingumáls þjónustunnar eða hvort einhverju efni eða viðskiptaorðsendingum er beint sérstaklega til áhorfenda í viðtökuáðildarríkinu.

- 39) Þegar aðildarríki skyldar fjölmiðlaveitur til að greiða fjárframlög ætti markmiðið með slíkum framlögum að vera það að vekja viðeigandi athygli á evrópsku efni jafnframt því sem koma verður í veg fyrir að fjölmiðlaveitur verði láttnar greiða framlag tvisvar. Ef aðildarríkið, þar sem fjölmiðlaveitan hefur staðfestu, krefur hana um fjárframlag ætti það þannig að taka tillit til hvers konar fjárframlaga sem önnur aðildarríki, sem hún beinir þjónustu sinni til, krefja hana um.
- 40) Til að tryggja að skuldbindingar er tengjast því að vekja athygli á evrópsku efni grafi ekki undan markaðsþróun og gera nýjum þátttakendum kleift að koma inn á markaðinn ætti ekki að gera slíkar kröfur til veitna sem hafa óverulega markaðshlutdeild. Það á einkum við um veitur með litla veltu eða lítinn áhorfendahóp. Hvort um er að ræða lítinn áhorfendahóp má t.d. greina á grundvelli áhorfstíma eða sölu, eftir eðli þjónustunnar, en við ákvörðun á því hvað telst lítil velta ætti að líta til mismunandi stærðar markaða fyrir hljóð- og myndmiðlun í aðildarríkjunum. Einnig kann að vera óviðeigandi að gera slíkar kröfur í tilvikum þar sem þær væru ógerlegar eða óréttlæt看anlegar með tilliti til eðlis eða þema hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar.
- 41) Mikilvægt er að útvarpsrekendur hafi meiri sveigjanleika og geti ákveðið hvenær sýna skuli auglýsingar til að hámarka eftirspurn frá auglýsendum og halda áhorfi milli dagskrárliða (e. viewer's flow). Þó þarf einnig að halda uppi fullnægjandi neytendavernd að því er þetta varðar því ella gæti slíkur sveigjanleiki valdið því að áhorfendur þyrftu að horfa á óheyrilegan fjölda auglýsinga á besta útsendingartíma. Sérstakar takmarkanir ættu því að gilda um tímabilin frá kl. 6.00–18:00 og frá kl. 18:00–24:00.
- 42) Hlutlausir rammar eru notaðir til að aðskilja ritstjórnarefni frá auglýsinga- eða fjarkaupainnskotum í sjónvarpi auk þess sem þeir aðskilja einstök innskot. Þeir gera áhorfandanum kleift að sjá greinilega hvenær einni tegund hljóð- og myndmiðlunarefnis lýkur og hvenær önnur tegund hefst. Rétt er að taka fram að hlutlausir rammar eru undanskildir magntakmörkunum sem settar eru fyrir sjónvarpsauglýsingar. Það er til að tryggja að sá tími sem fer í hlutlausu rammanna hafi ekki áhrif á auglýsingatíma og hafi ekki neikvæð áhrif á auglýsingatekjur.
- 43) Ekki ætti að reikna þann útsendingartíma, sem er notaður í tilkynningar útvarpsrekanda í tengslum við eigið dagskrárliði og stoðframleiðslu, sem má rekja beint til þessara dagskrárliða, eða í tilkynningar, sem tengjast opinberri þjónustu eða hjálparbeiðnum líknarstofnana, sem sendar eru út án endurgjalds, að undanskildum kostnaði við útsendingu slíkra beiðna, inn í þann útsendingartíma sem samanlagt er leyfilegt að nota til auglýsinga og fjarkaupa í sjónvarpi. Auk þess eru margir útvarpsrekendur hluti af stærri samstæðum útvarpsrekanda og tilkynningar þeirra tengjast því ekki aðeins þeirra eigin dagskrárliðum og stoðframleiðslu, sem má rekja beint til þessara dagskrárliða, heldur einnig dagskrárliðum og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu annarra aðila sem tilheyra sömu samstæðu útvarpsrekanda. Ekki ætti heldur að reikna þann útsendingartíma sem er notaður í slíkar tilkynningar inn í leyfilegan hámarksútsendingartíma fyrir auglýsingar og fjarkaup í sjónvarpi.
- 44) Mynddeiliveitur sem heyra undir tilskipun 2010/13/ESB veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB⁽¹⁾. Þessar veitur heyra þar af leiðandi undir þau ákvæði um innri markaðinn sem sett eru fram í þeirri tilskipun ef þær hafa staðfestu í aðildarríki. Mikilvægt er að tryggja að sömu reglur gildi einnig um mynddeiliveitur, sem ekki hafa staðfestu í aðildarríki, með það fyrir augum að tryggja að ráðstafanir til að vernda einstaklinga undir lögaldri og almenning, sem kveðið er á um í tilskipun 2010/13/ESB, séu árangursríkar og að sömu skilyrði séu tryggð fyrir alla, eftir því sem unnt er, ef þessar veitur eiga annaðhvort móðurfélag eða dótturfélag með staðfestu í aðildarríki eða tilheyra samstæðu og annað fyrirtæki í samstæðunni hefur staðfestu í aðildarríki. Skilgreiningarnar sem settar eru fram í tilskipun 2010/13/ESB ættu því að byggjast á meginreglum og tryggja að fyrirtæki geti ekki haldið sér utan gildisviðs þeirrar tilskipunar með því að búa til fyrirtækjasamstæðu með mörgum lögum af fyrirtækjum sem komið er á fót innan eða utan Sambandsins. Tilkynna ætti framkvæmdastjórninni um þær veitur sem heyra undir lögsögu hvers aðildarríkis samkvæmt reglunum um staðfestu sem settar eru fram í tilskipunum 2000/31/EB og 2010/13/ESB.
- 45) Komið hafa fram nýjar áskoranir, einkum í tengslum við mynddeilivettvanga, þar sem notendur, einkum einstaklingar undir lögaldri, nota hljóð- og myndmiðlunarefni í auknum mæli. Í þessu samhengi er skaðlegt efni og hatursorðræða, sem finna má í mynddeiliþjónustu, sífellt meira áhyggjuefni. Til að vernda einstaklinga undir lögaldri og almenning gegn slíku efni er nauðsynlegt að setja sanngjarnar reglur um þessi mál.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

- 46) Viðskiptaorðsendingar í mynddeilipjónustu heyra þegar undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB (1), sem bannar óréttmæta viðskiptahætti af hálfu fyrirtækja gagnvart neytendum, s.s. villandi og uppþrengjandi viðskiptahætti í þjónustu upplýsingasamfélagsins.

Að því er varðar viðskiptaorðsendingar um tóbak og tengdar vörur á mynddeilivettvöngum tryggja gildandi bönn, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/33/EB (2), og þau bönn sem eiga við um viðskiptaorðsendingar um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB (3), neytendum nægjanlega vernd gegn tóbaki og tengdum vörum. Þar sem notendur reiða sig í auknum mæli á mynddeilipjónustu til að fá aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni er nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi neytendavernd með því að samræma, í viðeigandi mæli, reglur um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni milli allra veitna. Því er mikilvægt að hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni á mynddeilivettvöngum séu greinilega auðkenndar og uppfylli lágmarksgæðakröfur.

- 47) Umtalsverður hluti þess efnis sem sett er fram á mynddeilipjónustunni heyrir ekki undir ritstjórnarábyrgð mynddeiliveitunnar. Hins vegar ákveða þessar veitur yfirlétt skipulag efnisins, þ.e.a.s. dagskrárliði, notendaframléidd myndbönd og hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, m.a. með sjálfvirkum hætti eða með algrímum. Því ætti að krefjast þess að veiturnar geri viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda einstaklinga undir lögaldri gegn efni sem getur skaðað líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra. Þeim ætti einnig að vera skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda almenning gegn efni sem inniheldur hvatningu til ofbeldis eða haturs gagnvart hópi eða einstaklingi úr hópi á grundvelli einhverra þeirra ástæðna sem um getur í 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (sáttmálans um grundvallarréttindi) eða sem refsivert er að dreifa samkvæmt lögum Sambandsins.

- 48) Í ljósi þess hvers eðlis aðkoma veitna er að efni sem látið er í té með mynddeilipjónustu ættu viðeigandi ráðstafanir til að vernda einstaklinga undir lögaldri og almenning að tengjast skipulagi efnisins en ekki efninu sem slíku. Kröfur, sem settar eru fram í tilskipun 2010/13/ESB í þessu tilliti, ættu því að gilda með fyrirvara um 12.–14. gr. tilskipunar 2000/31/EB sem fela í sér undanþágu frá ábyrgð vegna ólöglegra upplýsinga sem eru sendar eða eru geymdar sjálfkrafa, eru geymdar á millistigi eða um tíma eða sem tilteknir veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu geyma. Þegar veitt er þjónusta sem fellur undir 12.–14. gr. tilskipunar 2000/31/EB ættu þessar kröfur einnig að gilda með fyrirvara um 15. gr. þeirrar tilskipunar sem útilokar að almenn eftirlitsskylda með slíkum upplýsingum og skylda til að leita uppi með virkum hætti staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegrar starfsemi sé lögð á þessa veitendur, án þess þó að það hafi áhrif á eftirlitsskyldu í sérstökum tilvikum og, einkum, áhrif á fyrirmæli landsyfirvalda í samræmi við landslög.

- 49) Rétt þykir að mynddeiliveitur taki eins mikinn þátt og kostur er í framkvæmd viðeigandi ráðstafana sem gera ber samkvæmt tilskipun 2010/13/ESB. Því ætti að hvetja til sameiginlegs eftirlits. Mynddeiliveitur ættu áfram að geta gripið til strangari ráðstafana, að eigin frumkvæði, sem samrýmast lögum Sambandsins og virða tjáningarfrelsi og fjölraði og fjölbreytni í fjölmiðlun.

- 50) Rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi eru grundvallarréttindi sem mælt er fyrir um í 47. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Því ætti ekki að túlka ákvæði tilskipunar 2010/13/ESB með neinum þeim hætti sem gæti hindrað málsaðila í að neyta réttar síns til aðgangs að dómstólum.

- 51) Þegar gerðar eru viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við tilskipun 2010/13/ESB, til að vernda einstaklinga undir lögaldri gegn skaðlegu efni og vernda almenning gegn efni sem inniheldur hvatningu til ofbeldis, haturs eða hryðjuverka skal þess vandlega gætt að jafnvægi ríki milli þeirra og gildandi grundvallarréttinda sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um grundvallarréttindi. Þetta varðar, nánar tiltekið og eftir atvikum, réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og vernd persónuupplýsinga, tjáningar- og upplýsingafrelsi, frelsi til atvinnurekstrar, bann við mismunun og réttindi barna.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/33/EB frá 26. maí 2003 um samræmingu laga og stjórnisýslufyrirmæla aðildarríkjanna varðandi auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær (Stjtíð. EB L 152, 20.6.2003, bls. 16).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1).

- 52) Tengslanefndin vinnur að því að auðvelda skilvirka framkvæmd tilskipunar 2010/13/ESB og hafa ætti reglulega samráð við hana um raunveruleg vandamál sem lúta að beitingu hennar. Starf tengslanefndarinnar ætti ekki að takmarkast við þau álitamál á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem fyrir eru heldur ætti það einnig að taka til viðeigandi nýjunga sem eru að koma fram í geiranum. Hún er skipuð fulltrúum lögbærra landsyfirvalda aðildarríkjanna. Aðildarríkin eru hvött til þess að stuðla að kynjajafnvægi í samsetningu tengslanefndarinnar þegar þau skipa fulltrúa sína í hana.
- 53) Aðildarríkin skulu sjá til þess að landsbundin eftirlitsyfirvöld þeirra eða -aðilar séu lagalega aðgreind frá stjórnvöldum. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin sinni eftirliti í samræmi við landsbundin stjórnskipunarlög sín. Landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar ættu að teljast hafa náð nauðsynlegu sjálfstæði ef þau, þ.m.t. þau sem teljast opinber yfirvöld eða aðilar, eru í störfum sínum og í reynd óháð stjórnvöldum í eigin landi og öðrum opinberum aðilum eða einkaaðilum. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja óhlutdrægni í ákvörðunum landsbundins eftirlitsyfirvalds eða -aðila. Krafan um sjálfstæði ætti ekki að hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna á að koma á fót eftirlitsyfirvöldum sem hafa eftirlit með mismunandi geirum, s.s. hljóð- og myndmiðlunargeiranum og fjarskiptageiranum. Landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar ættu að hafa nauðsynlegar framkvæmdaheimildir og tilföng til að sinna verkefnum sínum, þ.e. starfslið, sérþekkingu og fjármagn. Í starfsemi landsbundinna eftirlitsyfirvalda eða -aðila, sem komið er á fót samkvæmt tilskipun 2010/13/ESB, ætti að tryggja að markmið er varða fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun, menningarlega fjölbreytni, neytendavernd, eðlilega starfsemi innri markaðarins og eflingu samngjarnrar samkeppni séu virt.
- 54) Þar eð einn tilgangur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu er að þjóna hagsmunum einstaklinga og móta skoðanir almennings er brýnt að slík þjónusta sé fær um að upplýsa einstaklinga og samfélagið eins vel og kostur er og á eins fjölbreyttan hátt og hægt er. Þessum tilgangi verður því aðeins náð að ritstjórnarákvarðanir sæti ekki afskiptum ríkis eða verði fyrir áhrifum frá landsbundnum eftirlitsyfirvöldum eða -aðilum sem ganga lengra en að koma lögum til framkvæmda og þjóna ekki þeim tilgangi að standa vörð um lögverndaðan rétt sem á að vernda án tillits til tiltekinnar skoðunar.
- 55) Skilvirkar kæruleiðir ættu að vera fyrir hendi á landsvísu. Viðkomandi aðili sem kærur er vísað til ætti að vera óháður málsaðilum. Slíkur aðili getur verið dómstóll. Kæruleiðin ætti að vera með fyrirvara um skiptingu valds innan landsbundinna réttarkerfa.
- 56) Til að tryggja samræmda beitingu regluramma Sambandsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar í öllum aðildarríkjum kom framkvæmdastjórnin á fót hópi evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (ERGA) með ákvörðun ráðsins frá 3. febrúar 2014 ⁽¹⁾. Hlutverk hópsins er að sjá framkvæmdastjórninni fyrir tæknilegri sérþekkingu í störfum hennar við að tryggja samræmda beitingu tilskipunar 2010/13/ESB í öllum aðildarríkjunum og að greiða fyrir samstarfi milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda eða -aðila og milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda eða -aðila og framkvæmdastjórnarinnar.
- 57) Hópur evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu hefur lagt af mörkum til samræmingar á eftirlitsvenjum og séð framkvæmdastjórninni fyrir ráðgjöf á æstu stigum um málefni er varða framkvæmd. Þetta kallar á formlega viðurkenningu og eflingu á hlutverki hópsins í tilskipun 2010/13/ESB. Hópi evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ætti því að koma á fót í krafti þeirrar tilskipunar.
- 58) Framkvæmdastjórninni ætti að vera frjálst að hafa samráð við hóp evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu um hver þau mál er varða hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og mynddeilivettvanga. Hópurinn ætti að aðstoða framkvæmdastjórnina með því að láta í té tæknilega sérþekkingu og ráðgjöf og greiða fyrir miðlun bestu starfsvenja, m.a. varðandi háttisreglur vegna sjálfseftirlits og sameiginlegs eftirlits. Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa samráð við hópinn við beitingu tilskipunar 2010/13/ESB í því skyni að greiða fyrir samleitni í framkvæmd. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar ætti hópurinn að láta í té álit, sem ekki eru bindandi, um lögsögu, ráðstafanir sem víkja frá frelsi til móttöku og ráðstafanir sem taka á sniðgöngu lögsögu. Hópur evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ætti einnig að vera fær um að veita tæknilega ráðgjöf um hvers kyns málefni er varða eftirlit sem tengjast rammanum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, þ.m.t. á sviði hatursóræðu og verndar einstaklinga undir lögaldri og að því er varðar efni hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni um matvæli með hátt innihald fitu, salts eða natríums og sykurs.
- 59) „Fjölmiðlalæsi“ vísar til færni, þekkingar og skilnings sem gerir borgurinum kleift að nýta sér fjölmiðla á öruggan og skilvirkan hátt. Borgararnir þurfa að búa að góðu fjölmiðlalæsi til að geta haft aðgang að upplýsingum og notað, metið á gagnrýnninn hátt og búið til fjölmiðlaefni á ábyrgan og öruggan hátt. Fjölmiðlalæsi ætti ekki að takmarkast við það að læra um töl og tækni heldur miða að því að búa borgaranna þeirri færni gagnrýnninnar hugsunar sem þarf til að beita dómgreind, greina flóknar aðstæður og þekkja muninn á skoðunum og staðreyndum.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2014), 432 lokagerð frá 3. febrúar 2014, um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

Því er nauðsynlegt að bæði fjölmiðlaveitur og mynddeiliveitur, í samvinnu við alla viðeigandi hagsmunaaðila, hvetji til þróunar fjölmiðlalæsis á öllum sviðum samfélagsins, hjá borgurum á öllum aldri og fyrir alla fjölmiðla og að náði sé fylgst með framvindu í þessu tilliti.

- 60) Tilskipun 2010/13/ESB hefur ekki áhrif á þá skyldu aðildarríkjanna að virða og standa vörð um mannlega reisn. Í henni eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmálanum um grundvallarréttindi. Einkum er með tilskipun 2010/13/ESB reynt að tryggja að virt séu að fullu rétturinn til tjáningarfrelsis, frelsi til atvinnurekstrar og rétturinn til að skjóta málum til dómstóla og til að stuðla að beitingu á réttindum barna sem felast í sáttmálanum um grundvallarréttindi.
- 61) Í hverjum þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin gera samkvæmt tilskipun 2010/13/ESB þarf að virða tjáningar- og upplýsingafrelsi og fjölbræði og fjölbreytni í fjölmiðlun, auk menningarlegrar fjölbreytni og fjölbreytni tungumála, í samræmi við samning Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform.
- 62) Rétturinn til aðgangs að fréttapáttum um stjórnsmál er mjög áriðandi til að standa vörð um þau grundvallarréttindi að taka á móti upplýsingum og tryggja að hagsmunum áhorfenda í Sambandinu sé gætt að fullu og með tilhlýðilegum hætti. Í ljósi þess að hljóð- og myndmiðlunarþjónusta verður sífellt mikilvægari fyrir samfélög og lýðræði ættu útsendingar stjórnsmálafrétta að vera aðgengilegar yfir landamæri innan Sambandsins í þeim mæli sem kostur er, með fyrirvara um reglur um höfundarrétt.
- 63) Tilskipun 2010/13/ESB varðar ekki reglur alþjóðlegs einkamálaréttar, einkum reglur er varða lögsögu dómstóla og þau lög sem gilda um samningsbundnar skyldur og skyldur utan samninga.
- 64) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽¹⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlæt看anleg.
- 65) Því ætti að breyta tilskipun 2010/13/ESB til samræmis við það.

SAMÞÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2010/13/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) „hljóð- og myndmiðlunarþjónusta“:

- i. þjónusta eins og hún er skilgreind í 56. og 57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þar sem megintilgangur þjónustunnar eða aðskiljanlegs hluta hennar er að bjóða almenningi dagskrárliði, sem fjölmiðlaveita ber ritstjórnarábyrgð á, til upplýsingar, skemmtunar eða fræðslu, um rafræn fjarskiptanet í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB; slík hljóð- og myndmiðlunarþjónusta er annaðhvort sjónvarpsútsending, eins og hún er skilgreind í e-lið þessarar málsgreinar, eða hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun, eins og hún er skilgreind í g-lið þessarar málsgreinar,
- ii. hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni,“.

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„aa) „mynddeilipjónusta“ (e. video-sharing platform service): þjónusta eins og hún er skilgreind í 56. og 57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þar sem megintilgangur þjónustunnar eða aðskiljanlegs hluta hennar eða grundvallarvirkni hennar er að bjóða almenningi dagskrárliði, notendaframleidd myndbönd eða hvoru tveggja, sem mynddeiliveitan ber ekki ritstjórnarábyrgð á, til upplýsingar, skemmtunar eða fræðslu, um rafræn fjarskiptanet í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB, og sem mynddeiliveitan ákveður skipulagið á, m.a. með sjálfvirkum hætti eða með algrímum, einkum með birtingu, merkingu og röðun,“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

- c) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:
- „b) dagskrárliður“: safn hreyfimynda með eða án hljóðs sem mynda stakan lið, óháð lengd, innan dagskráráætlunar eða þöntunarlista sem fjölmiðlaveita setur saman, þ. á m. eru kvikmyndir í fullri lengd, myndskleið, íþróttaviðburðir, gamanþættir, heimildarþættir, dagskrárliðir fyrir börn og frumsamdir leiknir þættir.“
- d) Eftirfarandi liðum er skotið inn:
- „ba) „notendaframleitt myndband“: safn hreyfimynda með eða án hljóðs sem myndar stakan lið, óháð lengd, og er búið til af notanda og hlaðið upp á mynddeilivettvang af þeim eða öðrum notanda,
- bb) „ritstjórnarákvörðun“: ákvörðun sem tekin er reglulega í þeim tilgangi að beita ritstjórnarábyrgð í tengslum við daglegan rekstur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu,“.
- e) Eftirfarandi liður bætist við:
- „da) „mynddeiliveita“ (e. video-sharing platform provider): einstaklingur eða lögaðili sem veitir mynddeiliþjónustu,“.
- f) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:
- „h) „hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni“: myndir með eða án hljóðs sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd einstaklings eða lögaðila sem stundar atvinnustarfsemi; slíkar myndir fylgja eða eru settar inn í dagskrárlið eða notendaframleitt myndband gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni teljast m.a. sjónvarpsauglýsingar, kostun, fjarkaup og vöruinnsetning,“.
- g) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:
- „k) „kostun“: hvers kyns framlög opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklinga sem ekki fást við hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, mynddeiliþjónustu eða framleiðslu hljóð- og myndverka, til fjármögnunar á hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, mynddeiliþjónustu, notendaframleiddum myndböndum eða dagskrárliðum með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum,“.
- h) Í stað m-liðar kemur eftirfarandi:
- „m) „vöruinnsetning“: hvers kyns hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni sem innihalda eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis hennar með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið eða notendaframleiddu myndbandi gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi,“.
- 2) Í stað fyrirsagnar II. kafla kemur eftirfarandi:
- „ALMENN ÁKVÆÐI UM HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUNARÞJÓNUSTU“.**
- 3) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað b-liðar í 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „b) ef fjölmiðlaveita hefur aðalskrifstofu sína í einu aðildarríki en ritstjórnarákvarðanir um hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna eru teknar í öðru aðildarríki telst fjölmiðlaveitan hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem verulegur hluti þess starfsliðs, sem fæst við dagskrártengda starfsemi hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar, starfar. Ef verulegur hluti þess starfsliðs, sem fæst við dagskrártengda starfsemi hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar, starfar í báðum þessum aðildarríkjum telst fjölmiðlaveitan hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem aðalskrifstofa hennar er. Ef verulegur hluti þess starfsliðs, sem fæst við dagskrártengda starfsemi hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar, starfar í hvorugu þessara aðildarríkja telst fjölmiðlaveitan hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem hún hóf starfsemi í samræmi við lög þess aðildarríkis, að því tilskildu að hún haldi stöðugum og virkum efnahagslegum tengslum við það aðildarríki,“.
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „5a. Aðildarríkin skulu tryggja að fjölmiðlaveitur upplýsi lögbær landsbundin eftirlitsyfírvöld eða -aðila um hvers kyns breytingar sem geta haft áhrif á ákvörðun um lögsögu í samræmi við 2., 3. og 4. mgr.

5b. Aðildarríkin skulu koma á fót og halda úti uppfærðri skrá yfir fjölmiðlaveitur innan lögsögu sinnar og tilgreina á grundvelli hvaða viðmiðunar, af þeim sem fram koma í 2.–5. mgr., lögsaga þeirra byggist. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrána og allar uppfærslur á henni.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að slíkar skrár séu gerðar aðgengilegar í miðlægum gagnagrunni. Ef ósamræmi er milli skrána skal framkvæmdastjórnin hafa samband við viðkomandi aðildarríki til að finna lausn á því. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að landsbundnu eftirlitsfyrvöldin eða -aðilarnir hafi aðgang að gagnagrunninum. Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingarnar í gagnagrunninum aðgengilegar öllum.

5c. Ef viðkomandi aðildarríki eru ekki á einu máli um það hvaða aðildarríki fari með lögsögu, við beitingu 3. eða 4. gr., skulu þau bera málið undir framkvæmdastjórnina án ótilhlýðilegrar tafar. Framkvæmdastjórnin getur beðið hóp evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu um álit á málinu í samræmi við d-lið 3. mgr. 30. gr. b. Hópurinn skal gefa slíkt álit innan 15 virkra daga frá því að framkvæmdastjórnin leggur fram beiðnina. Framkvæmdastjórnin skal halda tengslanefndinni, sem komið er á fót með 29. gr., upplýstri með tilhlýðilegum hætti.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun í samræmi við 2. eða 3. mgr. 3. gr. eða 5. mgr. 4. gr. skal hún einnig ákveða hvaða aðildarríki fer með lögsögu.“

4) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja frelsi til móttöku hljóð- og myndmiðlunarþjónustu frá öðrum aðildarríkjum og ekki setja hömlur á endurútsendingar þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir þau svið sem eru samræmd með þessari tilskipun.

2. Aðildarríki getur tímabundið fengið undanþágu frá 1. mgr. þessarar greinar ef hljóð- og myndmiðlunarþjónusta, sem fjölmiðlaveita sem heyrir undir lögsögu annars aðildarríkis býður, brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn a-lið 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 6. gr. a eða skaðar lýðheilsu eða stefnir henni í alvarlega og verulega hættu.

Undanþágan, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera háð eftirfarandi skilyrðum:

- á næstliðnum tólf mánuðum hefur fjölmiðlaveitan a.m.k. tvívegis orðið uppvís að einu eða fleiri tilvikum þess háttar sem lýst er í fyrstu undirgrein,
- hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt fjölmiðlaveitunni, aðildarríkinu sem fer með lögsögu yfir henni og framkvæmdastjórninni skriflega um meint brot og hæfilegar ráðstafanir sem það hyggst gera ef brot er endurtekið,
- viðkomandi aðildarríki hefur virt rétt fjölmiðlaveitunnar til að grípa til varna og, nánar tiltekið, gefið henni tækifæri til að láta í ljós sjónarmið sín varðandi hin meintu brot og
- samráð við aðildarríkið sem fer með lögsögu yfir fjölmiðlaveitunni og við framkvæmdastjórnina hefur ekki leitt til sáttar innan mánaðar frá því að framkvæmdastjórninni berst tilkynningin sem um getur í b-lið.

Innan þriggja mánaða frá því að framkvæmdastjórninni berst tilkynning um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í viðkomandi aðildarríki og eftir að hafa beðið hóp evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu um álit í samræmi við d-lið 3. mgr. 30. gr. b, skal hún taka ákvörðun um það hvort ráðstafanirnar samrýmist lögum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal halda tengslanefndinni upplýstri með tilhlýðilegum hætti. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki lögum Sambandsins skal hún krefjast þess að viðkomandi aðildarríki láti af þeim hið bráðasta.

3. Aðildarríki getur tímabundið fengið undanþágu frá 1. mgr. þessarar greinar ef hljóð- og myndmiðlunarþjónusta, sem fjölmiðlaveita sem heyrir undir lögsögu annars aðildarríkis býður, brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn b-lið 1. mgr. 6. gr. eða skaðar almannaoýggi eða stefnir því í alvarlega og verulega hættu, þ.m.t. vernd þjóðaröryggis og landvörnum.

Undanþágan, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera háð eftirfarandi skilyrðum:

- háttarnið, sem um getur í fyrstu undirgrein, hefur átt sér stað a.m.k. einu sinni áður á næstliðnum tólf mánuðum,

og

- b) hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt fjölmiðlaveitunni, aðildarríkinu sem fer með lögsögu yfir henni og framkvæmdastjórninni skriflega um meint brot og um hæfilegar ráðstafanir sem það hyggst gera ef brot er endurtekið.

Viðkomandi aðildarríki skal virða rétt viðkomandi fjölmiðlaveitu til að grípa til varna og, nánar tiltekið, gefa henni tækifæri til að láta í ljós sjónarmið sín varðandi hin meintu brot.

Innan þriggja mánaða frá því að framkvæmdastjórninni berst tilkynning um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í viðkomandi aðildarríki, og eftir að hafa beðið hóp evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu um álit í samræmi við d-lið 3. mgr. 30. gr. b, skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um það hvort ráðstafanirnar samrýmist lögum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal halda tengslanefndinni upplýstri með tilhlýðilegum hætti. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki lögum Sambandsins skal hún krefjast þess að viðkomandi aðildarríki láti af þeim hið bráðasta.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu vera með fyrirvara um beitingu aðferða, úrræða eða refsiaðgerða vegna þeirra brota, er hér um ræðir, í aðildarríkinu sem fer með lögsögu yfir hlutaðeigandi fjölmiðlaveitu.

5. Aðildarríkjunum er heimilt, í brýnum tilvikum, eigi síðar en mánuði eftir meint brot, að víkja frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 3. mgr. Í slíku tilviki skal tilkynna hið fyrsta um þær ráðstafanir, sem gerðar eru, til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkisins sem hefur lögsögu yfir fjölmiðlaveitunni og geta um ástæður þess að aðildarríkið telur að um brýnt tilvik sé að ræða. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að tilkynntu ráðstafanirnar samrýmist lögum Sambandsins eins fljótt og frekast er unnt. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki lögum Sambandsins skal hún krefjast þess að viðkomandi aðildarríki bindi enda á þær án tafar.

6. Skorti framkvæmdastjórnina nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvörðun skv. 2. eða 3. mgr. skal hún, innan mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar, óska eftir því við viðkomandi aðildarríki að fá allar upplýsingar sem þarf til að taka ákvörðunina. Fresturinn sem framkvæmdastjórnin hefur til að taka ákvörðunina skal rofinn þar til aðildarríkið hefur gefið þessar nauðsynlegu upplýsingar. Rof á frestinum skal þó aldrei vara lengur en í einn mánuð.

7. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu skiptast reglulega á reynslu og bestu starfsvenjum varðandi verklagið sem sett er fram í þessari grein innan ramma tengslanefndarinnar og hóps evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.“

- 5) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

1. Aðildarríkjunum skal eftir sem áður heimilt að krefjast þess að fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra fari að nákvæmari eða strangari reglum á þeim sviðum sem þessi tilskipun tekur til, að því tilskildu að reglurnar samrýmist lögum Sambandsins.

2. Ef aðildarríki:

a) hefur nýtt heimild sína skv. 1. mgr. til að setja ítarlegri eða strangari reglur í almannabágu og

b) metur það svo að fjölmiðlaveita, sem heyrir undir lögsögu annars aðildarríkis, standi fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem er að mestu eða öllu leyti beint að yfirráðasvæði þess,

er því heimilt að fara fram á það við aðildarríkið, sem fer með lögsögu, að það taki á hvers kyns vandamálum í tengslum við þessa málsgrein. Bæði aðildarríkin skulu bregðast skjótt við og starfa saman hratt og af heilindum að því að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.

Þegar aðildarríkið sem fer með lögsögu tekur á móti rökstuddri beiðni samkvæmt fyrstu undirgrein skal það fara fram á að fjölmiðlaveitan fari að þeim reglum í almannabágu sem um ræðir. Aðildarríkið, sem fer með lögsögu, skal tilkynna aðildarríkinu, sem lagði fram beiðnina, reglulega um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að taka á þeim vandamálum sem í ljós hafa komið. Innan tveggja mánaða frá móttöku beiðninnar skal aðildarríkið sem fer með lögsögu tilkynna aðildarríkinu sem lagði fram beiðnina og framkvæmdastjórninni um þær niðurstöður sem hafa náðst og tilgreina ástæður ef ekki var hægt að finna lausn.

Hvort aðildarríki um sig getur beðið tengslanefndina um að taka málið til umfjöllunar hvenær sem er.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn fjölmiðlaveitunni sem um ræðir ef:

a) það lítur svo á að niðurstöðurnar, sem fást með beitingu 2. mgr., séu ekki fullnægjandi og

- b) Það hefur lagt fram sönnunargögn sem sýna fram á að fjölmiðlaveitan, sem um ræðir, hafi öðlast staðfestu í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í því skyni að sniðganga strangari reglur á þeim sviðum sem þessi tilskipun tekur til og myndu gilda um hana ef hún hefði staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki; með slíkum sönnunargögnum skal vera hægt að sýna fram á slíkt athæfi með hæfilegri vissu án þess þó að sanna þurfi ásetning fjölmiðlaveitunnar um að sniðganga þessar strangari reglur.

Slíkar ráðstafanir skulu, á grundvelli hlutlægs mats, teljast nauðsynlegar, þeim skal beitt án mismununar og vera sanngjarnar miðað við markmiðin sem stefnt er að.

4. Aðildarríki má aðeins grípa til ráðstafana skv. 3. mgr. að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) Það hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu, þar sem fjölmiðlaveitan hefur staðfestu, um þá fyrirætlun sína að gera slíkar ráðstafanir og rökstutt þær forsendur sem það byggir mat sitt á,
- b) Það hafi virt rétt viðkomandi fjölmiðlaveitu til að grípa til varna og, nánar tiltekið, gefið henni tækifæri til að láta í ljós sjónarmið sín varðandi meinta sniðgöngu og þær ráðstafanir sem tilkynningaraðildarríkið hefur í hyggju að gera og
- c) framkvæmdastjórnin hafi ákveðið, eftir að hafa beðið hóp evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu um álit í samræmi við d-lið 3. mgr. 30. gr. b, að ráðstafanirnar samrýmist lögum Sambandsins, einkum að mat aðildarríkisins sem gerir ráðstafanirnar skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar sé byggt á traustum grunni; framkvæmdastjórnin skal halda tengslanefndinni upplýstri með tilhlýðilegum hætti.

5. Innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar, sem kveðið er á um í a-lið 4. mgr., skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um hvort þessar ráðstafanir samrýmist lögum Sambandsins. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki lögum Sambandsins skal hún krefjast þess að viðkomandi aðildarríki láti vera að grípa til fyrirhugaðra ráðstafana.

Skorti framkvæmdastjórnina nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvörðun samkvæmt fyrstu undirgrein skal hún, innan mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar, krefja viðkomandi aðildarríki um allar upplýsingar sem þarf til að taka ákvörðunina. Fresturinn sem framkvæmdastjórnin hefur til að taka ákvörðunina skal rofinn þar til aðildarríkið hefur gefið þessar nauðsynlegu upplýsingar. Rof á frestinum skal þó aldrei vara lengur en í einn mánuð.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess með viðeigandi hætti, innan ramma landslaga sinna, að fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra fari í reynd að ákvæðum þessarar tilskipunar.

7. Tilskipun 2000/31/EB gildir nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun. Ef til þess kemur að tilskipun 2000/31/EB og þessi tilskipun stangist á skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

1. Aðildarríkin skulu hvetja til beitingar sameiginlegs eftirlits og eflingar sjálfseftirlits með háttætnisreglum sem samþykktar eru á landsvísi á þeim sviðum sem samræmd eru með þessari tilskipun, að því marki sem réttarkerfi þeirra heimila. Þessar reglur skulu:

- a) vera með þeim hætti að þær hljóti almennt samþykki helstu hagsmunaaðila í hlutaðeigandi aðildarríkjum,
- b) setja fram markmið sín með skýrum og ótvíræðum hætti,
- c) kveða á um að fylgjast skuli með markmiðunum, sem stefnt er að, og þau metin með reglubundnum, gagnsæjum og óháðum hætti og
- d) kveða á um skilvirka framfylgd, m.a. skilvirk og sanngjörn viðurlög.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta stuðlað að sjálfseftirliti með háttætnisreglum Sambandsins sem samdar eru af fjölmiðlaveitum, mynddeiliveitum eða samtökum sem koma fram fyrir þeirra hönd, í samstarfi, ef þörf er á, við aðra geira, s.s. atvinnugreinasamtök, fagfélög eða neytendasamtök. Þessar reglur skulu vera með þeim hætti að þær hljóti almennt samþykki helstu hagsmunaaðila á vettvangi Sambandsins og skulu samrýmast b- til d-lið 1. mgr. Háttætnisreglur Sambandsins skulu ekki hafa áhrif á landsbundnar háttætnisreglur.

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, greiða fyrir þróun háttætnisregla Sambandsins, eftir því sem við á, í samræmi við nálægðarregluna og meðalhófsregluna.

Þeir sem undirrita háttænisreglur á vettvangi Sambandsins skulu leggja drög að slíkum reglum og breytingum á þeim fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við tengslanefndina um drögin að reglunum eða breytingum á þeim.

Framkvæmdastjórnin skal gera háttænisreglur Sambandsins aðgengilegar öllum og getur vakið athygli á þeim með viðeigandi hætti.

3. Aðildarríkjunum skal áfram heimilt að krefjast þess að fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra fari að ítarlegri eða strangari reglum í samræmi við þessa tilskipun og lög Sambandsins, m.a. þegar óháð, landsbundin eftirlitsyfirvöld þeirra eða -aðilar komast að þeirri niðurstöðu að hvers kyns háttænisreglur eða hlutar þeirra hafi ekki reynst nægilega árangursrík. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar reglur án ótilhlýðilegrar tafar.“

7) Í stað fyrirsagnar III. kafla kemur eftirfarandi:

„ÁKVÆÐI SEM GILDA UM HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUNARÞJÓNUSTU“.

8) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að fjölmiðlaveita, sem heyrir undir lögsögu þess, veiti notendum þjónustunnar greiðan, beinan og stöðugan aðgang að a.m.k. eftirfarandi upplýsingum:

- a) nafni sínu,
- b) heimilisfangi á þeim stað þar sem hún hefur staðfestu,
- c) nánari upplýsingum, m.a. netfangi hennar eða veffangi, sem gerir kleift að hafa samband við hana á hraðvirkan, beinan og skilvirkan hátt,
- d) um það hvaða aðildarríki fer með lögsögu yfir henni og lögbær reglusetningaryfirvöld eða aðilar eða eftirlitsyfirvöld.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykka löggjafaráráðstafanir sem kveða á um að fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra geri aðgengilegar upplýsingar um eignarhaldsfyrirkomulag sitt, þ.m.t. raunverulega eigendur, til viðbótar við þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1. mgr. Með slíkum ráðstöfunum skal virða þau grundvallarréttindi sem við eiga, s.s. réttindi raunverulegra eigenda til einkalífs og fjölskyldulífs. Slíkar ráðstafanir skulu vera nauðsynlegar og sanngjarnar og stuðla að markmiði í þágu almannahagsmuna.“

9) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

1. Með fyrirvara um þá skyldu aðildarríkjanna að virða og standa vörð um mannlega reisn skulu aðildarríkin sjá til þess með viðeigandi hætti að hljóð- og myndmiðlunarþjónusta, sem fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra bjóða, innihaldi ekki:

- a) hvatningu til ofbeldis eða haturs gegn hópi eða einstaklingi úr hópi á grundvelli einhverra þeirra ástæðna sem um getur í 21. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi,
- b) opinbera hvatningu til hryðjuverka, eins og fram kemur í 5. gr. tilskipunar (ESB) 2017/541.

2. Ráðstafanir sem gerðar eru í tengslum við þessa grein skulu vera nauðsynlegar og sanngjarnar og virða meginreglur sáttmálans um grundvallarréttindi.“

10) Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hljóð- og myndmiðlunarþjónusta sem fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra bjóða og gæti skaðað líkamlegan, andlega eða siðferðilegan þroska einstaklinga undir lögaldri, sé því aðeins aðgengileg að tryggt sé að einstaklingar undir lögaldri heyri hana hvorki né sjái að öðru jöfnu. Slíkar ráðstafanir gætu m.a. falist í því að velja tímasetningu útsendingar, kerfi til aldursannprófunar eða aðrar tæknilegar ráðstafanir. Þær skulu vera sanngjarnar miðað við þann hugsanlega skaða sem dagskrárliðurinn kann að valda.

Ströngustu ráðstafanirnar skulu eiga við um skaðlegasta efnið, s.s. tilefnislaust ofbeldi og klám.

2. Óheimilt er að vinna persónuupplýsingar um einstaklinga undir lögaldri, sem safnað er eða sem verða til á annan hátt hjá fjölmiðlaveitum í samræmi við 1. mgr., í viðskiptalegum tilgangi, líkt og við beina markaðssetningu, gerð persónusniðs og atferlismiðaðar auglýsingar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að fjölmiðlaveitur veiti áhorfendum nauðsynlegar upplýsingar um efni sem gæti skaðað líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska einstaklinga undir lögaldri. Til þess skulu fjölmiðlaveitur nota kerfi sem lýsir hugsanlegu skaðlegu eðli efnis hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar.

Við framkvæmd þessarar málsgreinar skulu aðildarríkin hvetja til sameiginlegs eftirlits eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. a.

4. Framkvæmdastjórnin skal hvetja fjölmiðlaveitur til þess að skiptast á bestu starfsvenjum varðandi háttætnisreglur um sameiginlegt eftirlit. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta eftl sjálfseftirlit, að því er þessa grein varðar, með háttætnisreglum Sambandsins, eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. a.“

11) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, án ótilhlýðilegrar tafar, að þjónusta, sem fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra veita, sé með stöðugum og með stigvaxandi hætti gerð betur aðgengileg fótluðu fólki með hæfilegum ráðstöfunum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fjölmiðlaveitur leggi reglulega skýrslu fyrir landsbundin eftirlitsyfírvöld eða -aðila um framkvæmd þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr. Eigi síðar en 19. desember 2022, og á þriggja ára fresti eftir það, skulu aðildarríkin leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu hvetja fjölmiðlaveitur til þess að gera aðgerðaáætlanir um aðgengi í því skyni að gera þjónustu sína stöðugt og með stigvaxandi hætti aðgengilegri fólki með fötlun. Slík aðgerðaáætlun skal send landsbundnum eftirlitsyfírvöldum eða -aðilum.

4. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna einn tengilið á Netinu, sem auðvelt aðgengi er að og er aðgengilegur öllum, einnig fólki með fötlun, til að veita upplýsingar og taka við kvörtunum um hvers kyns mál sem varða aðgengi og um getur í þessari grein.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að neyðarupplýsingar, þ.m.t. opinberar orðsendingar og tilkynningar þegar um er að ræða náttúruhamfarir, sem gerðar eru aðgengilegar almenningi með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, séu þannig settar fram að fatlað fólk hafi aðgang að þeim.“

12) Eftirfarandi greinar bætast við:

„7. gr. a

Aðildarríkjunum er heimilt að gera ráðstafanir til að tryggja viðeigandi sýnileika hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem varðar almannahagsmuni.

7. gr. b

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi og hæfilegar ráðstafanir til að tryggja að auglýsingaþekjur verði ekki settar yfir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem fjölmiðlaveitur veita eða henni breytt án afdráttarlauss samþykkis veitnanna.

Að því er þessa grein varðar skulu aðildarríkin tilgreina ítarlegar reglur, þ.m.t. undantekningar, þ.e. í tengslum við vernd lögmætra hagsmuna notenda, jafnframt því að taka tillit til lögmætra hagsmuna fjölmiðlaveitnanna sem létu hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna í té í upphafi.“

13) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, sem fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra bjóða, uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni skulu vera auðþekktanlegar sem slíkar; duldar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni eru bannaðar,

b) í hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni skal ekki beita tækni sem hefur áhrif neðan marka meðvitaðrar skynjunar,

- c) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni skulu ekki:
- i. hafa neikvæð áhrif á virðingu fyrir mannlegri reisn,
 - ii. fela í sér neins konar mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, ríkisfangs, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar,
 - iii. hvetja til hegðunar sem hættuleg er heilsu eða öryggi,
 - iv. hvetja til hátternis sem er í áberandi andstöðu við umhverfisvernd,
- d) hvers kyns hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er varða sigarettur og aðrar tóbaksvörur, sem og rafsigarettur og áfyllingarilát, skulu bannaðar,
- e) hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni er varða áfenga drykki skal ekki beint sérstaklega að einstaklingum undir lögaldri og þær skulu ekki hvetja til óhóflegrar neyslu slíkra drykkja,
- f) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er varða lyfjavörur og lyfjameðferð, sem einungis eru fáanlegar gegn lyfseðli í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir fjölmiðlaveitunni skulu bannaðar,
- g) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni skulu ekki valda einstaklingum undir lögaldri líkamlegum, andlegum eða siðferðilegum skaða; þær skulu því ekki hvetja einstaklinga undir lögaldri með beinum hætti til að kaupa eða leigja vöru eða þjónustu með því að nýta sér reynsluleysi þeirra eða trúgirmi, ekki hvetja þau með beinum hætti til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vörur þær eða þjónustu sem auglýst er, ekki notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem þau bera til foreldra, kennara eða annarra eða sýna einstaklinga undir lögaldri að tilefnislausu í hættulegum aðstæðum.
2. Hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er varða áfenga drykki í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, að undanskilinni kostun og vöruinnsetningu, skulu uppfylla þær viðmiðanir sem eru settar fram í 22. gr.
3. Aðildarríkin skulu hvetja til beitingar sameiginlegs eftirlits og eflingar sjálfseftirlits með hátternisreglum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. a, að því er varðar óviðeigandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er varða áfengi. Reglurnar skulu miða að því að draga með skilvirkum hætti úr því að beint sé til einstaklinga undir lögaldri hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni er varða áfengi.
4. Aðildarríkin skulu hvetja til beitingar sameiginlegs eftirlits og eflingar sjálfseftirlits með hátternisreglum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. a, að því er varðar óviðeigandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, sem fylgja eða eru hluti af dagskrárliðum fyrir börn, um matvæli og drykkjarvörur sem innihalda næringarefni og efni og ekki er mælt með að sé í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitúsýrur, salt eða natríum og sykur.
- Reglurnar skulu miða að því að draga með skilvirkum hætti úr því að beint sé til barna hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni er varða slík matvæli og drykkjarvörur. Í þeim skal miða að því að kveða svo á um að slíkar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni leggi ekki áherslu á næringarþáttinn sem jákvæðan eiginleika slíkra matvæla og drykkjarvara.
5. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta eftl sjálfseftirlit, að því er þessa grein varðar, með hátternisreglum Sambandsins, eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. a.“
- 14) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Fyrirtæki sem hafa það að aðalstarfsemi að framleiða eða selja sigarettur og aðrar tóbaksvörur, eða rafsigarettur og áfyllingarilát, mega ekki kosta hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða dagskrárliði.“
 - b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ekki má kosta fréttir og fréttatengda þætti. Aðildarríkjunum er heimilt að banna kostun dagskrárefnis fyrir börn. Aðildarríkjunum er heimilt að banna sýningu kennimerkis kostunaraðila í dagskrárefni fyrir börn, heimildar myndum og trúarlegum dagskrárliðum.“
- 15) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:
- „11. gr.
1. Þessi grein skal aðeins gilda um dagskrárliði sem eru framleiddir eftir 19. desember 2009.
 2. Vöruinnsetning skal heimil í allri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu nema í fréttum og fréttatengdum þáttum, þáttum um neytendamál, trúarlegum dagskrárliðum og í dagskrárefni fyrir börn.

3. Dagskrárliðir með vöruinnsetningu skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:
- ekki má undir neinum kringumstæðum hafa áhrif á efni þeirra og skipulag á dagskráráætlun, þegar um sjónvarpsútsendingar er að ræða, eða í pöntunarlista, þegar um er að ræða hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, þannig að það hafi áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar,
 - í þeim skal ekki beinlínis hvatt til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega,
 - í þeim skal varan sem um ræðir ekki sett fram á óþarflega áberandi hátt,
 - greina skal áhorfendum frá því á skýran hátt að um vöruinnsetningu sé að ræða með viðeigandi auðkenningu við upphaf og lok dagskrárliðarins og þegar dagskrárliðurinn hefst aftur eftir auglýsingahlé til að koma í veg fyrir misskilning af hálfu áhorfandans.

Aðildarríkin geta fellt niður kröfurnar sem settar eru fram í d-lið nema að því er varðar dagskrárliði sem framleiddir eru af eða í umboði fjölmiðlaveitu eða fyrirtækis tengdu þeirri fjölmiðlaveitu.

4. Í viðburðardagskrárliðum skal aldrei vera vöruinnsetning á:
- sígarettum og öðrum tóbaksvörum, rafsigarettum og áfyllingarilátum, eða vöruinnsetning frá fyrirtækjum sem hafa það að aðalstarfsemi að framleiða eða selja slíkar vörur,
 - lyfjavöru eða lyfjameðferð sem einungis er áánleg gegn lyfseðli í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir fjölmiðlaveitunni.“

16) Heiti IV. kafla fellur brott.

17) Ákvæði 12. gr. falla brott.

18) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjölmiðlaveitur innan lögsögu þeirra, sem bjóða hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, tryggi að evrópskt efni sé a.m.k. 30% hluti af pöntunarlistum þeirra og að það sé haft áberandi.

2. Ef aðildarríki krefja fjölmiðlaveitur innan lögsögu þess um fjárframlög til framleiðslu á evrópsku efni, þ.m.t. með beinni fjárfestingu í efni og með framlagi til landsbundinna sjóða, geta þau einnig krafist þess að fjölmiðlaveitur, sem beina þjónustu sinni til áhorfenda á yfirráðasvæðum þeirra en hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum, leggi fram slík fjárframlög og skulu þau vera sanngjörn og án mismununar.

3. Í því tilviki sem um getur í 2. mgr. skal fjárframlagið eingöngu vera á grundvelli tekna sem aflað er í þeim aðildarríkjum sem þjónustu er beint til. Ef aðildarríkið þar sem veitan hefur staðfestu krefur hana um slíkt fjárframlag ætti það að taka tillit til hvers kyns fjárframlaga sem önnur aðildarríki, sem hún beinir þjónustu sinni til, krefja hana um. Hvers kyns fjárframlag skal samrýmast lögum Sambandsins, einkum reglum um ríkisaðstoð.

4. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 19. desember 2021 og á tveggja ára fresti eftir það, um framkvæmd 1. og 2. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita og óháðrar rannsóknar, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu 1. og 2. mgr., að teknu tilliti til markaðs- og tækniþróunar og markmiðsins um menningarlega fjölbreytni.

6. Skyldan, sem lögð er á skv. 1. mgr., og krafan til fjölmiðlaveitna sem beina þjónustu sinni til áhorfenda í öðrum aðildarríkjum, sem sett er fram í 2. mgr., skulu ekki gilda um fjölmiðlaveitur með litla veltu eða fáa áhorfendur. Aðildarríkin geta einnig fellt niður slíkar skyldur eða kröfur þegar þær eru ógerlegar eða óréttlætanagerlegar með tilliti til eðlis eða þema hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal, að undangengnu samráði við tengslanefndina, gefa út leiðbeiningar um útreikning á hluta evrópsks efnis, sem um getur í 1. mgr., og um skilgreininguna á því hvað skuli teljast fáir áhorfendur og lítil velta sem um getur í 6. mgr.“

19) Í stað 2. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Stök auglýsinga- og fjarkaupainnskot skulu heimil í útsendingum íþróttaviðburða. Stök auglýsinga- og fjarkaupainnskot, önnur en í útsendingum íþróttaviðburða, skulu heyra til undantekninga.“

20) Í stað 2. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp (að undanskildum þáttaröðum, framhaldspáttum og heimildamyndum), kvikmyndaverka og fréttapátta má rjúfa með sjónvarpsauglýsingum, fjarkaupainnskotum eða hvoru tveggja einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er a.m.k. 30 mínútur. Útsendingu dagskrárliða fyrir börn má rjúfa með sjónvarpsauglýsingum einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er a.m.k. 30 mínútur, að því tilskildu að dagskrárliðurinn sé lengri en 30 mínútur. Fjarkaupainnskot í dagskrárefni fyrir börn skulu vera bönnuð. Ekki má birta sjónvarpsauglýsingar eða fjarkaupainnskot í útsendingu á trúarathöfnun.“

21) Í stað 23. gr. kemur eftirfarandi:

„23. gr.

1. Hlutfall sjónvarpsauglýsinga- og fjarkaupainnskota á tímabilinu milli kl. 6:00 og 18:00 má ekki fara yfir 20% tímabilsins. Hlutfall sjónvarpsauglýsinga- og fjarkaupainnskota á tímabilinu milli kl. 18:00 og 24:00 má ekki fara yfir 20% tímabilsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

- a) tilkynningar útvarpsrekanda í tengslum við hans eigin dagskrárliði eða stoðframleiðslu, sem leiðir beint af þeim dagskrárliðum, eða í tengslum við dagskrárliði og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu annarra aðila sem tilheyra sömu samstæðu útvarpsrekenda,
- b) kostunartilkynningar,
- c) vöruinnsetningar,
- d) hlutlausu ramma sem aðskilja ritstjórnarefni frá auglýsinga- eða fjarkaupainnskotum í sjónvarpi og einstök innskot.“

22) III. kafli fellur brott.

23) Eftirfarandi kafli bætist við:

„IX. KAFLI A

ÁKVÆÐI SEM GILDA UM MYNDDEILIPJÓNUSTU

28. gr. a

1. Að því er þessa tilskipun varðar skal mynddeiliveita með staðfestu á yferráðasvæði aðildarríkis, í merkingu 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/31/EB, falla undir lögsögu þess aðildarríkis.

2. Mynddeiliveita, sem ekki hefur staðfestu á yferráðasvæði aðildarríkis skv. 1. mgr., skal teljast hafa staðfestu á yferráðasvæði aðildarríkis, að því er þessa tilskipun varðar, ef hún:

- a) á móðurfélag eða dótturfélag með staðfestu á yferráðasvæði þess aðildarríkis eða
- b) er hluti af samstæðu og annað fyrirtæki í samstæðunni hefur staðfestu á yferráðasvæði þess aðildarríkis.

Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „móðurfélag“: félag með yferráð yfir einu eða fleiri dótturfélögum,
 - b) „dótturfélag“: félag undir stjórn móðurfélags, þ.m.t. dótturfélag endanlegs móðurfélags,
 - c) „samstæða“: móðurfélag, öll dótturfélög þess og öll önnur félög sem hafa efnahagsleg og lagaleg skipulagstengsl við þau.
3. Ef móðurfélagið, dótturfélagið eða hin félögin í samstæðunni hafa staðfestu í mismunandi aðildarríkjum skal mynddeiliveitan teljast hafa, að því er beitingu 2. mgr. varðar, staðfestu í því aðildarríki þar sem móðurfélag hennar hefur staðfestu eða, ef ekki er um slíka staðfestu að ræða, í aðildarríkinu þar sem dótturfélag þess hefur staðfestu eða, ef ekki er um slíka staðfestu að ræða, í aðildarríkinu þar sem annað félag samstæðunnar hefur staðfestu.

4. Ef um nokkur dótturfélög er að ræða sem hafa staðfestu í mismunandi aðildarríkjum skal mynddeiliveitan teljast hafa, að því er beitingu 3. mgr. varðar, staðfestu í því aðildarríki þar sem eitt af dótturfélögunum hóf starfsemi sína, að því tilskildu að hún haldi stöðugum og virkum efnahagslegum tengslum við það aðildarríki.

Ef um nokkur önnur félög er að ræða, sem eru hluti af samstæðunni og þau hafa staðfestu í mismunandi aðildarríkjum, skal mynddeiliveitan teljast hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem eitt af þessum félögum hóf starfsemi sína, að því tilskildu að hún haldi stöðugum og virkum efnahagslegum tengslum við það aðildarríki.

5. Að því er þessa tilskipun varðar skulu 3. gr. og 12.–15. gr. tilskipunar 2000/31/EB gilda um mynddeiliveitur sem teljast hafa staðfestu í aðildarríki í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

6. Aðildarríkin skulu koma á fót og halda úti uppfærðri skrá yfir mynddeiliveitur sem hafa eða teljast hafa staðfestu innan lögsögu þeirra og tilgreina á grundvelli hvaða viðmiðana í 1.–4. mgr. lögsaga þeirra byggist. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrána og allar uppfærslur á henni.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að slíkar skrár séu gerðar aðgengilegar í miðlægum gagnagrunni. Ef ósamræmi er milli skrána skal framkvæmdastjórnin hafa samband við viðkomandi aðildarríki til að finna lausn á því. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að landsbundnu eftirlitsyfirvöldin eða -aðilarnir hafi aðgang að gagnagrunninum. Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingarnar í gagnagrunninum aðgengilegar öllum.

7. Ef viðkomandi aðildarríki eru ekki á einu máli um það hvaða aðildarríki fari með lögsögu við beitingu þessarar greinar skulu þau bera málið undir framkvæmdastjórnina án ótilhlýðilegrar tafar. Framkvæmdastjórnin getur beðið hóp evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu um álit á málinu í samræmi við d-lið 3. mgr. 30. gr. b. Hópurinn skal gefa slíkt álit innan 15 virkra daga frá því að framkvæmdastjórnin leggur fram beiðnina. Framkvæmdastjórnin skal halda tengslanefndinni upplýstri með tilhlýðilegum hætti.

28. gr. b

1. Með fyrirvara um 12.–15. gr. tilskipunar 2000/31/EB skulu aðildarríkin sjá til þess að mynddeiliveitur innan lögsögu þeirra geri viðeigandi ráðstafanir til að vernda:

- a) einstaklinga undir lögaldri gegn dagskrárliðum, notendaframleiddum myndböndum og hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sem geta skaðað líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra í samræmi við 1. mgr. 6. gr. a,
- b) almenning gegn dagskrárliðum, notendaframleiddum myndböndum og hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sem innihalda hvatningu til ofbeldis eða haturs gagnvart hópi eða einstaklingi úr hópi á grundvelli einhverra þeirra ástæðna sem um getur í 21. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi,
- c) almenning gegn dagskrárliðum, notendaframleiddum myndböndum og hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sem innihalda efni sem er refsivert að dreifa samkvæmt lögum Sambandsins, s.s. opinbera hvatningu til hryðjuverka, eins og sett er fram í 5. gr. tilskipunar (ESB) 2017/541, afbrot er varða barnaklám eins og sett er fram í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/93/ESB (**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**) og afbrot tengd kynþáttafordómum og útlendingahatri eins og sett er fram í 1. gr. rammaákvörðunar 2008/913/DIM.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að mynddeiliveitur innan lögsögu þeirra fari að kröfum 1. mgr. 9. gr. að því er varðar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni sem eru markaðssettar, seldar eða skipulagðar af þessum mynddeiliveitum.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að mynddeiliveitur innan lögsögu þeirra geri viðeigandi ráðstafanir til að fara að kröfum 1. mgr. 9. gr. að því er varðar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni sem ekki eru markaðssettar, seldar eða skipulagðar af þeim, að teknu tilliti til þess hve takmarkaða stjórn þessir mynddeilivettvangar hafa yfir þessum hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að mynddeiliveitur upplýsi notendur skilmerkilega um það þegar dagskrárliðir og notendaframleidd myndbönd innihalda hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um slíkar hljóð- og myndsendingar skv. c-lið þriðju undirgreinar 3. mgr. eða að veitan viti af þeim.

Aðildarríkin skulu hvetja til beitingar sameiginlegs eftirlits og eflingar sjálfseftirlits með háttæmisreglum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. a, sem miða að því að draga með skilvirkum hætti úr því að beint sé til barna hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni um matvæli og drykkjarvörur sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif og ekki er mælt með að sé í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitúsýrur, salt eða natríum og sykur. Í þessum reglum skal miða að því að kveða svo á um að slíkar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni leggi ekki áherslu á næringarþáttinn sem jákvæðan eiginleika slíkra matvæla og drykkjarvara.

3. Að því er 1. og 2. mgr. varðar skulu viðeigandi ráðstafanir ákveðnar með hliðsjón af því um hvers konar efni er að ræða, skaðanum sem það getur valdið, einkennum þess hóps fólks sem á að vernda, sem og réttindum og lögmætum hagsmunum sem í húfi eru, þ.m.t. réttindum og lögmætum hagsmunum mynddeiliveitnanna og notendanna sem hafa búið til eða hlaðið upp efni, sem og almannahagsmunum.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar mynddeiliveitur innan lögsögu þeirra beiti slíkum ráðstöfunum. Ráðstafanirnar skulu vera gerlegar og sanngjarnar og taka tillit til umfangs mynddeilipjónustunnar og eðlis þjónustunnar sem veitt er. Þessar ráðstafanir skulu ekki leiða til neinna fyrirframeftirlitsráðstafana eða síunar á efni sem hlaðið er upp, sem ekki samrýmast 15. gr. tilskipunar 2000/31/EB. Að því er varðar vernd einstaklinga undir lögaldri, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, skulu ströngustu eftirlitsráðstafanirnar gilda um skaðlegasta efnið.

Slíkar ráðstafanir skulu m.a. felast í eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a) að fella kröfurnar, sem um getur í 1. mgr., inn í skilmála og skilyrði mynddeilipjónustunnar og beita þeim í samræmi við þau,
- b) að fella kröfurnar, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. varðandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, sem ekki eru markaðssettar, seldar eða skipulagðar af mynddeiliveitunum, inn í skilmála og skilyrði mynddeilipjónustunnar og beita þeim í samræmi við þau,
- c) að bjóða aðgerðarmöguleika fyrir notendur sem hlaða upp notendaframleiddum myndböndum til að tilkynna um hvort slík myndbönd innihaldi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, eftir þeirra bestu vitund eða eftir því sem hægt er að ætlast til að þeim sé kunnugt um,
- d) að setja á fót og starfrækja gagnsætt og notendavænt viðmót sem gerir notendum mynddeilivettvangs kleift að flagga eða tilkynna til mynddeiliveitunnar efni, sem um getur í 1. mgr., sem boðið er upp á á vettvangi hennar,
- e) að setja á fót og starfrækja kerfi fyrir mynddeiliveitur til að gera notendum mynddeilivettvanga grein fyrir því hvernig tilkynningunum og flöggunum, sem um getur í d-lið, hefur verið fylgt eftir,
- f) að setja á fót og starfrækja kerfi til að sannprófa aldur notenda mynddeilivettvanga með tilliti til efnis sem getur skaðað líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska einstaklinga undir lögaldri,
- g) að koma á fót og starfrækja kerfi sem eru auðveld í notkun og gera notendum mynddeilivettvanga kleift að meta efnið sem um getur í 1. mgr.,
- h) að sjá fyrir foreldraeftirlitskerfi, sem er undir stjórn endanlegs notanda, að því er varðar efni sem getur skaðað líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska einstaklinga undir lögaldri,
- i) að koma á fót og starfrækja gagnsæ og skilvirk ferli, sem eru auðveld í notkun, til meðferðar og úrlausnar á kvörtunum notenda til mynddeiliveitna í tengslum við framkvæmd þeirra ráðstafana sem um getur í d- til h-lið,
- j) að setja fram skilvirkar ráðstafanir og tól til að efla fjölmiðlalæsi notenda og vekja athygli notenda á þeim.

Óheimilt er að vinna í viðskiptalegum tilgangi persónuupplýsingar um einstaklinga undir lögaldri, sem safnað er eða verða til á annan hátt hjá mynddeiliveitum skv. f- og h-lið þriðju undirgreinar, s.s. við beina markaðssetningu, gerð persónusniðs og atferlismiðaðar auglýsingar.

4. Að því er varðar framkvæmd þeirra ráðstafana, sem um getur í 1. og 3. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríkin hvetja til beitingar sameiginlegs eftirlits eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. a.

5. Aðildarríkin skulu koma á fót nauðsynlegu fyrirkomulagi til þess að meta hvort þær ráðstafanir, sem um getur í 3. mgr. og mynddeiliveitur gera, séu viðeigandi. Aðildarríkin skulu fela landsbundnum eftirlitsyfirvöldum eða aðilum að meta slíkar ráðstafanir.

6. Aðildarríkin geta skyldað mynddeiliveitur til að gera ráðstafanir sem eru ítarlegri eða strangari en þær sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Við samþykkt slíkra ráðstafana skulu aðildarríkin fara að kröfum viðeigandi laga Sambandsins, m.a. þeim sem settar eru fram í 12.–15. gr. tilskipunar 2000/31/EB eða 25. gr. tilskipunar 2011/93/ESB.

7. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé fyrirkomulag til að leysa úr málum utan dómstóla til að leysa deilur milli notenda og mynddeiliveitna sem tengjast beitingu 1. og 3. mgr. Slíkt fyrirkomulag skal gera það mögulegt að ná fram óhlutdrægri lausn deilumála og skal ekki svipta notandann þeirri réttarvernd sem landslög veita.

8. Aðildarríkin skulu sjá til þess að notendur geti leitað réttar síns fyrir dómstólum í tengslum við mynddeiliveitur skv. 1. og 3. mgr.
9. Framkvæmdastjórnin skal hvetja mynddeiliveitur til þess að skiptast á bestu starfsvenjum varðandi háttænisreglurnar um sameiginlegt eftirlit sem um getur í 4. mgr.
10. Aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni er heimilt að efla sjálfseftirlit með háttænisreglum Sambandsins, eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. a.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/93/ESB frá 13. desember 2011 um að berjast gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu á börnum og barnaklámi, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2004/68/DIM (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2011, bls. 1).“

- 24) Í stað fyrirsagnar XI. kafla kemur eftirfarandi:

„EFTIRLITSYFIRVÖLD OG -AÐILAR AÐILDARRÍKJANNA“.

- 25) Í stað 30. gr. kemur eftirfarandi:

„30. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna ein eða fleiri landsbundin eftirlitsyfirvöld, eftirlitsaðila eða hvoru tveggja. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þau séu lagalega aðgreind frá stjórnvöldum og starfi óháð þeim og öðrum opinberum aðilum eða einka-aðilum. Þetta skal ekki hafa áhrif á þann möguleika aðildarríkjanna að koma á fót eftirlitsaðilum sem hafa eftirlit með mismunandi geirum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt og í samræmi við markmið þessarar tilskipunar, einkum fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun, menningarlega fjölbreytni og fjölbreytni tungumála, neytendavernd, aðgengi, bann við mismunun, eðlilega starfsemi innri markaðarins og eflingu sanngjarnrar samkeppni.

Landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar skulu hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá öðrum aðila í tengslum við framkvæmd þeirra verka sem þeim eru falin samkvæmt landslögum til framkvæmdar á lögum Sambandsins. Þetta skal ekki koma í veg fyrir eftirlit í samræmi við landsbundin stjórnskipunarlæg.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að valdheimildir og valdsvið landsbundinna eftirlitsyfirvalda eða -aðila séu skilgreind í lögum með skýrum hætti og einnig með hvaða hætti þau skuli standa ábyrg gerða sinna.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar hafi yfir að ráða nægu fjármagni og mannafla og heimildum til framfylgdar til að geta sinnt verkefnum sínum með skilvirkum hætti og lagt sitt af mörkum til starfs hóps evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Aðildarríkin skulu sjá til þess að landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar fái árlega eigin fjárveitingar sem skal birta opinberlega.

5. Aðildarríkin skulu í lögum sínum mæla fyrir um skilyrði og málsmeðferðarreglur við að tilnefna og víkja úr starfi yfirmönnum landsbundinna eftirlitsyfirvalda og -aðila eða meðlimum hópsins sem gegnir því hlutverki, þ.m.t. ákveða gildistíma umboðs þeirra. Málsmeðferðarreglurnar skulu vera gagnsæjar, án mismununar og tryggja tilskilið óháði. Víkja má yfirmanni landsbundins eftirlitsyfirvalds eða -aðila eða meðlimum hóps, sem uppfyllir það hlutverk innan landsbundins stjórnvalds eða -yfirvalds, úr starfi ef þeir uppfylla ekki lengur skilyrðin sem þarf til að sinna þeim skyldum sem mælt er fyrir um fyrir fram á innlendum vettvangi. Ákvörðun um brottvikningu úr starfi skal studd tilhlýðilegum rökum, vera tilkynnt fyrir fram og hún gerð aðgengileg almenningi.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hendi sé skilvirkt kærufyrirkomulag á innlendum vettvangi. Aðilinn sem kæru er vísað til, sem getur verið dómstóll, skal vera óháður þeim aðilum sem kæran varðar.

Þar til niðurstaða hefur fengist úr kærumeðferð skal ákvörðun landsbundins eftirlitsyfirvalds eða -aðila standa nema tíma-bundnar ráðstafanir séu heimilaðar í samræmi við landslög.“

- 26) Eftirfarandi greinar bætast við:

„30. gr. a

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar geri viðeigandi ráðstafanir til að veita hvert öðru og framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna beitingar þessarar tilskipunar, einkum 2., 3. og 4. gr.

2. Þegar landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -aðilar fá upplýsingar frá fjölmiðlaveitu innan lögsögu sinnar um að hún hyggist veita þjónustu sem beinist að mestu eða öllu leyti að áhorfendum í öðru aðildarríki skal landsbundna eftirlitsyfirvaldið eða -aðilinn í aðildarríkinu sem fer með lögsögu, í tengslum við upplýsingaskiptin skv. 1. mgr., tilkynna það landsbundna eftirlitsyfirvaldinu eða -aðilanum í aðildarríkinu sem þjónustunni er beint til.

3. Sendi eftirlitsyfirvald eða -aðili í aðildarríki, sem fjölmiðlaveita innan lögsögu annars aðildarríkis beinir þjónustu sinni til, lögbæra eftirlitsyfirvaldinu eða -aðilanum í aðildarríkinu sem fer með lögsögu yfir henni fyrirspurn varðandi starfsemi veitunnar skal síðarnefnda eftirlitsyfirvaldið eða -aðilinn kappkosta að taka hana til meðferðar innan tveggja mánaða, með fyrirvara um strangari fresti sem gilda samkvæmt þessari tilskipun. Eftirlitsyfirvaldið eða -aðilinn í aðildarríkinu sem þjónustunni er beint til skal, ef farið er fram á það, veita eftirlitsyfirvaldinu eða -aðilanum í aðildarríkinu sem fer með lögsögu hverjar þær upplýsingar sem gætu komið að gagni við meðferð fyrirspurnarinnar.

30. gr. b

1. Hópi evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (ERGA) er hér með komið á fót.

2. Hópurinn skal skipaður fulltrúum landsbundinna eftirlitsyfirvalda eða -aðila á sviði hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og hafa þá frumskyldu að hafa eftirlit með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða, þegar ekkert landsbundið eftirlitsyfirvald eða -aðila er fyrir hendi, öðrum fulltrúum sem valdir eru samkvæmt reglum þeirra. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal taka þátt í fundum hóps evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

3. Hópur evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a) sjá framkvæmdastjórninni fyrir tæknilegri sérþekkingu:

— við það verkefni sitt að tryggja samræmda framkvæmd þessarar tilskipunar í öllum aðildarríkjum,

— varðandi málefni sem tengjast hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og eru á valdsviði hennar,

b) miðla reynslu og góðum starfsvenjum varðandi beitingu regluramma um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, m.a. um aðgengi og fjölmiðlalæsi,

c) sinna samstarfi og veita aðilum hópsins þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna beitingar þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar 3., 4. og 7. gr.,

d) gefa álit sitt, þegar framkvæmdastjórnin fer fram á það, um tæknilegar hliðar og raunverulegar aðstæður mála skv. 2. gr. (5. mgr. c), 3. gr. (2. og 3. mgr.), 4. gr. (c-liður 4. mgr.) og 28. gr. a (7. mgr.).

4. Hópur evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu skal setja sér starfsreglur.“

27) Í stað 33. gr. kemur eftirfarandi:

„33. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með beitingu aðildarríkjanna á þessari tilskipun.

Eigi síðar en 19. desember 2022, og á þriggja ára fresti eftir það, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar.

Eigi síðar en 19. desember 2026 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið eftirámat á áhrifum þessarar tilskipunar og virðisauka hennar, ásamt tillögum að endurskoðun ef við á.

Framkvæmdastjórnin skal halda tengslanefndinni og hópi evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu upplýstum um störf og starfsemi hins aðilans með tilhlýðilegum hætti.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að upplýsingum, sem berast frá aðildarríkjunum um ráðstafanir sem þau hafa gert á þeim sviðum sem eru samræmd með þessari tilskipun, sé miðlað til tengslanefndarinnar og hóps evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.“

28) Eftirfarandi grein bætist við:

„33. gr. a

1. Aðildarríkin skulu hvetja til þróunar fjölmiðlalæsis og gera ráðstafanir þar að lútandi.

2. Eigi síðar en 19. desember 2022, og á þriggja ára fresti eftir það, skulu aðildarríkin leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við tengslanefndina, gefa út leiðbeiningar um það sem fellur undir slíkar skýrslur.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hlíta þessari tilskipun eigi síðar en 19. september 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. nóvember 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

K. EDTSTADLER

forseti.
